

LION



Íslensk útgáfa

www.lions.is

blað nr. 321

september 2020



We Serve

September 2020. Blað nr. 321
THE LION IN ICELANDIC

Fjölumðæmi 109

Opinbert málgað Lions Clubs International, gefið út í umboði alþjóðastjórnar Lions á tuttugu tungumálum: Dönsku, ensku, farsí, finnsku, flæmsku, frönsku, grísku, hollensku, íslensku, ítölsku, japönsku, kínversku, kóresku, norsku, portúgölsku, spænsku, sænsku, tælensku, tyrknesku og þýsku. Þrjátíu

Lionsblöð eru gefin út í heiminum.

Útgefandi LION á íslensku:

FJÖLUMDÆMI 109

Tímaritið Lion kemur út sex sinnum á ári, fjögur prentuð blöð en tvö aðeins í netútgáfu. Öll blöð eru gefin út í netútgáfu.

Lionskrifstofan, Hlíðasmári 14, 201 Kópavogur er opin alla virka daga frá kl. 09.00 til 14.00

Sími: 561 3122, Fax: 561 5122

e-mail / netfang: lions@lions.is

Heimasíða Lions: lions.is

Skrifstofustjóri: Kolfinna Guðmundsdóttir



Fjölumðæmisstjórn:



Björn Guðmundsson, fjölumðæmisstjóri. Björn er félagi í Lionsklúbbum Hæng. Ef þú þarft að hafa samband við hann þá er netfang hans: bjorn@byggd.is



Jónas Yngvi Ásgrímsson, umdæmisstjóri 109 A. Jónas er félagi í Lionsklúbbum Dymk. Ef þú þarft að hafa samband við hann þá er netfang hans: jonasy@simnet.is



Guðjón Andri Gylfason, umdæmisstjóri 109 B. Andri er félagi í Lionsklúbbum Hæng. Ef þú þarft að hafa samband við hann þá er netfang hans: andri@ma.is

FJÖLUMDÆMISRÁÐ FJÖLUMDÆMIS 109

Starfsárið 2020-2021

Fjölumðæmisstjóri: Björn

Guðmundsson, Lkl. Hængur

Umdæmisstjóri 109A: Jónas Yngvi

Ásgrímsson, Lkl. Dýnkur

Umdæmisstjóri 109B: Guðjón Andri

Gylfason, Lkl. Hængur

Fjölumðæmisritari: Guðmundur Helgi

Gunnarsson, Lkl. Fjörgyn

Fjölumðæmisgjaldkeri: Stefán Árnason,

Lkl. Vitaðsgjafi

Fráfarandi fjölumðæmisstjóri: Ellert

Eggertsson, Lkl. Hafnarfjarðar

Vara fjölumðæmisstjóri: Þorkell

Cýrusson, Lkl. Búðardals

Protokol- og þingstjóri: Kristinn

Hannesson, Lkl. Mosfellsbæjar

Alþjóðasamskiptastjóri: Árni Viðar

Fríðriksson, Lkl. Hængur

Kynningarstjóri: Ellert Eggertsson,

Lkl. Hafnarfjarðar

Umhverfisstjóri: Ásgeir Þór Ásgeirsson,

Lkl. Hængur

Ritstjóri Lion og heimasíðu: Þorkell

Cýrusson, Lkl. Búðardals

Netstjóri: Sigurður Steingrímsson,

Lkl. Vitaðsgjafi

GLT stjóri (menntun og

leiðtogaþjálfun): Halldór

Kristjánsson,

Lkl. Ásbirni

GMT stjóri (útbreiðsla og fjölgun):

Geirþrúður Fanney Bogadóttir,

Lkl. Æsa

GMT/konur í Lions: Sigríð

Andradóttir, Lkl. Búðardals

GST stjóri: (verkefni) Björg Bára

Halldórsdóttir, Lkl. Rán

NSR-AU nefndarmaður: Jón Pálmason,

Lkl. Viðarr

Lestrarátaksstjóri: Dagný S. Finnsdóttir,

Lkl. Úa

Heilbrigðisstjóri: Jón Bjarni

Þorsteinsson fyrrv.

alþjóðastjórnarmaður,

Lkl. Mosfellsbæjar

Hjálparsjóðsstjóri: Hörður

Sigurjónsson, Lkl. Njörður

Ungmennaskiptastjóri (og verkefna):

Pálmi Hannesson, Lkl. Garður

Laganefnd (form.): Gissur Júní

Kristjánsson, Lkl. Hafnarfjarðar

LCIF stjóri: Kristinn Hannesson,

Lkl. Mosfellsbæjar

LCIF/IPIP: Guðrún Björt Yngvadóttir,

Lkl. Eik

Lions Quest stjóri: Hrund Hjaltadóttir,

Lkl. Fold

MedicAlert stjóri: Laufey Jóhannsdóttir,

Lkl. Eik

Menningarstjóri: Jóhanna

Valdemarsdóttir, Lkl. Kaldá

New Voices stjóri: Íris Bettý

Alfreðsdóttir, Lkl. Keili

Formaður Kjaransorðunefndar:

Björg Bára Halldórsd., Lkl. Rán

Formaður þingnefndar: Stefán

Árnason, Lkl. Vitaðsgjafi

Skoðunarmaður (aðal): Þorleifur

Sigurðsson, Lkl. Ásbirni

Skoðunarmaður (aðal): Benjamín

Jósefsson, Lkl. Akranesi

Skoðunarmaður (vara): Halldóra J.

Ingibergsdóttir, Lkl. Eik

Skoðunarmaður (vara): Kristín

Þorfinnsdóttir, Lkl. Embla

Varaumðæmisstjóri 109A: Þóra Bjarney

Guðmundsdóttir, Lkl. Eir

Varaumðæmisstjóri 109B: Anna Fr.

Blöndal, Lkl. Ylfa

Varaumðæmisstjóri (annar) 109A:

Íris Bettý Alfreðsdóttir, Lkl. Keili

Varaumðæmisstjóri (annar) 109B:

Sigurður Steingrímsson, Lkl.

Vitaðsgjafi

Framkvæmdastjórn

Lionshreyfingarinnar 2020 – 2021:

International President: Dr. Jung-Yul

Choi, Suður Kórea

Immediate Past President: Guðrún

Björt Yngadóttir, Ísland

First Vice President: Douglas X.

Alexander, USA

Second Vice President: Brian E.

Sheehan, USA

Third Vice President: Dr. Patti Hill,

Canada

First Year Directors:

Michael D. Banks, United States;

Robert Block, United States;

Kyu-Dong Choi, Korea;

Larry L. Edwards, United States;

Justin K. Faber, United States;

Allan J. Hunt, Canada;

Daniel Isenrich, Germany;

Bent Jespersen, Denmark;

Masayuki Kawashima, Japan;

Dr. Jose A. Marrero, Puerto Rico;

Nicole Miquel-Belaud, France;

VP Nandakumar, India;

Judge Christopher Shea Nickell, United States;

Sampath Ranganathan, India;

Marciano Silvestre, Brazil;

Masafumi Watanabe, Japan;

Guo-jun Zhang, China.

Second Year Directors:

Muhammad Adrees, Pakistan;

Qazi Akram Uddin Ahmed,

Bangladesh;

Shoichi Anzawa, Japan;

Billy J. (B.J.) Blankenship, United States;

Gary F. Brown, United States;

Rodolfo Espinal, Dominican Republic;

Liao-Chuan Huang, MD 300 Taiwan;

Jongseok Kim, Korea;

Dr. Nawal Jugalkishor Malu, India;

Geoffrey Leeder, England;

Mark S. Lyon, United States;

Heimo Potinkara, Finland;

JP Singh, India;

Steve Thornton, United States;

Juswan Tjoe, Indonesia;

A. Geoffrey Wade, United States;

Dr. Walter Zemrosser, Austria

Úpplag: 1000 eintök – Þökkun og

dreifing: Lionskrifstofan

Umbrot og prentun: Litlaprent ehf.

Forsíðumynd: Lionsfólk á góðum degi:

Ljósmyndari: Sigríður

Guðmundsdóttir Lkl. Úa



Ritstjórnargrein

Komið sælir ágætu lionsfélagar og aðrir lesendur. Þá er fyrsta tölublað starfsársins komið út sem er prentað blað. Enn erum við að glíma við Covid-19 og mun það örugglega raska áætlunum hjá klúbbum að minnsta kosti nú á haustmánuðum. Vonandi geta þó allir klúbbar starfað miðað við þær smitvarnareglur sem nú eru í gildi en gæti þó verið erfitt í sumum tilfellum.

Breytingar hafa verið gerðar á útkomu blaðsins og koma þær breytingar frá alþjóðastjórn þar sem styrkir til útgáfu hafa verið minnkaðir á heimsvísu og fáum við þetta starfsárið styrk til að prenta tvö blöð. Þetta blað er prentað og er ekki alveg ákveðið hvaða annað blað verður prentað en líklega verður það febrúarblaðið. Öll blöð eins og hingað til verða gefin út á netformi og geta allir lesið það á heimasíðu lions.is, í appinu og eins fá allir það sent til sín sem hafa netfang í netpósti.

Ekki gekk nógu vel að safna greinum í blaðið síðasta ár en þetta ár byrjar vel og vona ég að framhald verði á því. Ef fáar greinar berast fyrir næsta prentaða blað þá mun ég velja greinar sem komu út í netblöðunum og birta þær aftur í prentaða blaðinu og gera það þar með veglegt.

Að lokum þakka ég öllum þeim sem komu að útgáfu þessa blaðs og óska öllum embættismönnum sem nú hafa hafið störf velfarnaðar í starfi í vetur.

Netfang Lionsblaðsins er: lbl@simnet.is

Með lionskveðju, Þorkell Cýrusson ritstjóri

Pistill Alþjóðaforseta



Heil og sæl lionsfélagar
Í þessum mánuði höldum við uppá stofnun Alþjóðasambands Lionsklúbba. Það var 7. júní 1917, sem fyrsti fundurinn var haldinn í Chicago, Illinois. Ég er alveg viss um að enginn á þeim fundi hefði getað ímyndað sér stöðuna hjá okkur í dag.

Þetta var hópur af mönnum úr viðskiptalífnum sem gerði sér grein fyrir að árangur mundi ekki nást nema að þeir notuðu sérkunnáttu sína til að leggja öðrum lið. Í þá daga treystu þeir á viðskipta og tengslanet sín. En í gegnum tíðina hefur það sýnt sig að ýmis sérkunnátta hefur hjálpað hreyfingunni til að vaxa og dafna.

Frá kennurum og vérvirkjum til viðskiptamanna í háum stöðum, þá höfum við lionsfélagar getað nýtt okkur sérþekkingu félaganna til að koma markmiðum okkar í framkvæmd. Og núna erum við nýta þekkinguna af öryggi

og varúð, svo við getum lagt samfélaginu lið, meðan við þösum uppá okkur sjálf og aðra.

Þannig, að, í þessum mánuði held ég ekki bara uppá Alþjóðasambandið, heldur einnig fáíð þið félagarnir mínar bestu heillaóskir fyrir sveiganleika ykkar á þessum tímum.

Með vinsemd og virðingu

Dr. Jung-Yul Choi

Alþjóðaforseti Lionshreyfingarinnar

Þýðing: Geir Hauksson



Fjáröflun og verkefnavinna í Covid

Guðjón Yngvi Ásgrímsson

Umdæmisstjóri 109 A



Í gegnum tíðina hefur Lions stólað á fjáaflanir til að fjármagna góðgerðarstarfsemi. Tækjakaup til spítala, aðstoð við nærumhverfið, söfnun til LCIF. Allt er þetta fjármagnað með starfssemi í Lionsklúbbum. Núna horfir hins vegar aðeins öðruvísi við. Fjarlægðartakmarkanir og fjöldatakmarkanir setja fjáröflunarstarf okkar í vanda. Þegar þetta er ritað eru fjöldatakmarkanir á einum stað 200 manns og gæta þarf að 1 meters fjarlægð milli einstaklinga sem ekki eru með grímur.

Þetta eru sannarlega skrítnir tímar. Við verðum að breyta okkar vinnubrögðum þannig að við getum starfað með þessum takmörkunum. Sumar fjáraflanir eru ekki vel framkvæmanlegar núna s.s. matarveislur ýmiskonar þar sem erfitt er að stjórna fjarlægð milli manna og áhöld eru notuð af mörgum þannig að smitleiðir eru margar. En hvað er þá til ráða?

Núverandi takmarkanir tákna að flestir Lionsklúbbar geta haldið sína fundi og hist. Það er fyrsta skref hjá okkur, höldum okkar fundi og skemmtum okkur saman. Fjöldi klúbba hafa síðan verið með fjáröflun óháða samkomum t.d. jóladagatöl o.fl. Þeir geta auðveldlega haldið sínum fjáröflunum áfram. Við verðum að hugsa í lausnum og finna leiðir til að halda áfram okkar góðu vinnu.

Ein leið til þess er að stofna verkefnabanka. Í hann geta Lionsklúbbar sótt hugmyndir að verkefnum sem þeir geta tekið upp. Verkefni sem gengur vel hjá einum klúbbi getur gengið hjá öðrum og eins geta verkefni sem hafa verið unnin en einhverra hluta vegna er hætt að vinna að því orðið að góðu verkefni hjá öðrum klúbbum. Fljótlega verður auglýst hvernig við getum sent hugmyndir okkar í verkefnabankann og þannig hjálpast að við að finna verkefni.

Framtíðin er hins vegar óskrifuð. Eftir áramót gætum við verið svo heppin að veiran væri horfin eða a.m.k. komin á það stig að við

getum tekið upp hefðbundnar fjáraflanir og starf okkar orðið því sem næst eðlilegt. Hins vegar gæti verið að veiran verði enn hluti af okkar daglega lífi og haldi þannig áfram að neyða okkur til að finna sífellt nýjar leiðir til að vinna áfram.

Félagafjölgun – sama gamla tuggan

Eitt af markmiðum mínum sem umdæmisstjóri í umdæmi 109A er að fjölga félagsmönnum um 50. Þarna er átt við að fjölga félögum um 1 í hverjum klúbb umfram brottfallna. Þetta er ekki svo erfitt, eina sem við þurfum að gera er að bjóða þeim sem við viljum leyfa að vinna með okkur í okkar góðu verkum að ganga í klúbbinn okkar. Eins og ég heyrði sagt: „Af hverju eigum við að vera svo eigingjörn að leyfa ekki öllum að njóta þess að gera gott með okkur?“

Lionsklúbburinn Freyja

Það er sérstök ánægja að geta sagt frá því að Lionessklúbburinn í Keflavík er orðinn að Lionsklúbbnum Freyju. Í Lionsklúbbnum Freyju eru 46 félagar og bjóðum við þær velkomnar til samstarfs. Það verður sannarlega mikill gleðidagur þegar stofnfundurinn verður haldinn og þær verða formlega gerðar að Lionsfélögum. Velkomnar Freyju.

Skilafrestur á efni í næsta blað er 22. október

Ávarp fjölumdæmisstjóra

Björn Guðmundsson

Fjölumdæmisstjóri 2020-2021



Nú er starf flestra Lionsklúbba landsins að hefjast, allur aðdragandi hefur verið óvenjulegur en segja má að flestir klúbbanna hafi hætt að funda í mars síðastliðnum í kjölfar aðgerða stjórnvalda vegna kórónuveirufaraldursins. Heimurinn breyttist fljótt og síðasti umdæmisstjórnarfundurinn var haldinn á netinu og einnig umdæmis og fjölumdæmisþingið okkar. Skólar embættismanna voru síðan haldnir í síðasta mánuði, einnig á netinu. Netfundirnir tókust eins vel og hægt er, fyrir mörg okkar vantaði þó kryddið-það að hittast og efla og treysta vinaböndin. Við vonum að faraldrinum linni sem fyrst þannig að venjulegt líf taki við. Fyrir mig sem nýjan fjölumdæmisstjóra var skrítið að taka við, allur undirbúningur og aðdragandi ólíkur fyrri árum, erlend samskipti með allt öðrum hætti en venjulega og svo mætti lengi telja. Það er samt þannig að í öllum aðstæðum felast tækifæri, við getum horft meira inn á við þannig og stutt þannig starf klúbbanna okkar.

Það er sérstaklega mikilvægt fyrir hreyfinguna að klúbbastarfið fari í gang með eins eðlilegum hætti og hægt er, án þess þó að leggja gleyma tilmælum Almanna- og kóngsveirunnar. Einnig þurfa þeir klúbbar sem ekki geta sinnt sínum venjulegum verkefnum að finna ný verkefni, það felast tækifæri í breyttum aðstæðum fyrir okkur. Ég vonast til að starf lionsklúbbanna verði öflugt í ár að árið verði viðspyrna og okkur taki að fjölga aftur.

Í síðasta mánuði þá varð sprenging í Beirút

þar varð gríðarlegt tjón talið er að í vetur verði yfir 300 þúsund manns án heimilis og neyðin er mikil félagar okkar á norðurlöndunum hafa verið að starfa með heimamönnum þar undanfarin ár. Þeir hafa skorað á norðurlöndin að veita fjármunum til verkefna á svæðinu í gegn um framlög til LCIF, nú þegar hafa íslenskir klúbbar veitt 11.000. usd. til verkefna þar ég vonast til að fleiri leggi hönd á plóginn.

Fyrsti umdæmisstjórnarfundur starfsársins var haldinn í Hlégarði í Mosfellsbæ laugardaginn 29 ágúst. Þar var mjög góð mæting eða um 50 manns sem eyddu deginum saman ræddu málefni hreyfingarinnar og markmið umdæmisstjórnanna. Fundurinn var sameiginlegur með báðum umdæmum og fjölumdæminu, meginhluti fundarins fór í hópavinnu þar sem rætt var hvernig hægt væri að koma markmiðum hreyfingarinnar á framfæri og hvernig við gætum eftir hreyfinguna.

Niðurstöður hópastarfs

Hópnum var skipt upp í hópa en í þeim voru 5-8 manns. Hóparnir fjölluðu um félagamál, verkefnamál, fræðslumál, kynningarmál og alþjóðamál. Sumir málaflokkar eru það stórir að viðfangsefnið var brotið niður í fleiri en einn hóp t.d. voru þrír hópar í félagamálum. Frá hópnum komu margar góðar hugmyndir í félagamálum voru helstu hugmyndir að hvetja klúbbana til þess að fjölga hjá sér með því að setja sér markmið um fjölgun, hvetja klúbbana til þess að stofna deildir t.d. að karlklúbbur stofni kvennadeild eða deildir um ákveðin málefni. Þá var rætt um að aðferðin um að bjóða einum væri mikilvæg en hún felst í að félagar bjóði með sér úr sínu umhverfi álitlegum nýjum félögum. Einnig var rætt um að það væri ekki nægjanlegt að bjóða og ná í félagana heldur væri ekki síður mikilvægt að halda þeim inni, þar með væri mikilvægt að virkja meðmælandann til þess að halda utan um nýja félagann.

Verkefnahóparnir fjölluðu um mörg af þekktum verkefnum okkar en ákveðið var að halda áfram með gleraugnasöfnunina, vinna að friðarveggsjaldasamkeppninni. Í báðum tilfellum í samvinnu við aðra, hugsanlega um að vera með móttökustöðvar í gleraugnaverslunum fyrir gleraugu. Leita til skóla og myndlistarskóla um friðarveggsjaldasamkeppnina. Einnig var rætt um sykursýkis-

verkefni en óvissa er um hvort við fáum að mæla blóðsykur í almenningi nú í haust en ákveðið að leita samstarfs við sóttvarnalækni um það mál. Einnig var rætt um hvatningu til hreyfingar og um leið forvörnum við áunninni sykursýki.

Fræðsluhópurinn fjallaði um námskeið hreyfingarinnar helsta niðurstaðan var sú að leiðtogaskólinn væri hreyfingunni mjög mikilvægur, einnig var rætt um leiðir til að minnka kostnað félaga við að sækja skólann. Rætt var um jafningjastuðning sem leið til þess að minnka brottfall félaga úr hreyfingunni. Að mati hópsins Þá eru svæðisstjórar í lykilstöðu til þess að hafa yfirlit yfir fræðslu hver á sínu svæði auk þess að fylgjast með skýrsluskilum í samvinnu við svæðisritara.

Kynningarmál eru málaflokkur sem að er okkur mjög mikilvægur, í raun er allt okkar starf kynning hópurinn ræddi "story telling" sem leið til kynningar einnig var rætt um að leita til fagaðila til ímyndarkynningar á hreyfingunni. Hópurinn fjallaði um hugmyndina að klúbbar gætu sótt styrk til fjölumdæmisins til kynningarmála og fell sú hugmynd í góðan jarðveg. Mat hópsins var að við þyrftum alltaf að vera á höttunum eftir tækifærum til kynningar á starfi okkar.

Alþjóðamálin og málefni hjálparsjóðanna voru rædd í sérstökum hópi. Það var mat hópsins að hlú að norræna samstarfinu í gegn um NSR, halda áfram að styðja veglega við bakið á Alþjóða hjálparsjóðnum (LCIF) og að auka kynningu og veg Heiðursjóðs Guðrúnar Bjartar.

Að ofan er eingöngu stutt yfirferð yfir það sem rætt var á fundinum en Lionsfélagar eiga vonandi eftir að njóta góðs af afrakstri fundarins með öflugra starfi nú í vetur.



Björgum börnum frá mislingum

Lionsklúbbur Seyla



Golfmót



Til hjálpar pokadýrunum í Ástralíu

Starfið hjá okkur í Lkl Seylu var mótað af veirufárinu, eins og hjá öðrum klúbbum. Við urðum að fella niður fund í apríl og sömuleiðis vorferðina.

Nokkrir Seylufélagar tóku sig til og þrjúuðu nokkra poka fyrir pokadýrin í Ástralíu vegna skógareldanna þar.

Við vorum með Pálínuboð og happdrætti og buðum gestum, en ágóðinn fór til Alþjóðahjálparsjóðsins.

Við fórum í okkar árlegu fjöruhreinsun og það var mjög ánægjulegt að sjá að fjörur eru nú mun hreinni en þegar við byrjuðum með þetta verkefni fyrir nokkrum árum.

Vorfundurinn okkar var haldinn á veitingahúsinu Hliði og þar voru stjórnarskipti. Nýja stjórnin er þannig skipuð: Sigurlín Scheving, formaður, Heba Þorsteinsdóttir, ritari og Rut Helgadóttir, gjaldkeri.

Síðasta fjáröflunarverkefni okkar var kvennagolfmót, sem við vorum að halda nú í 6. sinn og var vel mætt og veðurguðirnir voru með okkur í liði.

Starfsárið var heilt yfir gott og við hlökkum til haustsins þegar starfið getur hafist að nýju, vonandi laus við veiruna.

Bestu kveðjur til allra lionsfélaga með von um góða tíma framundan.

F.h. samskipta- og fjölmiðlanefndar,

Guðrún María



Frá fjöruhreinsun



Stjórnarskipti: Rut Helgadóttir gjaldkeri, Sigurlín Scheving formaður, Heba Þorsteinsdóttir ritari.

Kjaransorðan

Kjaransorðan er æðsta viðurkenning Lionshreyfingarinnar á Íslandi til að veita félögum. Greiða má fyrir merkin úr verkefnasjóði klúbbanna.



Upplýsingar á skrifstofu Lions á Íslandi

Virkjum grasrótina – Virkjum fjölbreytileikan

Sameinuð í fjölbreytileika og góðvild

Guðjón Andri Gylfason

Umdæmisstjóri 109 B



Á fordæmalausum tímum eins við nú upplifum er rétt að staldra við, líta til baka, en ekki síður að horfa til framtíðar. Sumt að því sem við áttum, eigum við ekki lengur og nýr veruleiki blasir við okkar. Þessi nýji veruleiki þýðir ekki að hugsjón Lionshreyfingarinnar hafi breytst eða hún standi á veikari grunni. Þvert á móti ætti styrkur okkar og hugsjón að eflast þar sem búast má við að þörfin fyrir starf okkar aukist, nú þegar herðir að í samfélaginu okkar og reyndar um heim allan.

Mikilvægt er að starf klúbbanna fari í gang af fullum krafti þrátt fyrir nýjar áskoranir. Ákoranir í hvernig við höldum fundi klúbbanna í skugga samkomubanns. Í augnablikinu er þó staðan góð hvað þetta varðar og möguleikinn á virku fundarhaldi klúbbanna er til staðar. En sannarlega verðum við að vera á tánum og huga að persónulegum sóttvörnum í öllu starfinu okkar. Staðan sem nú er getur breyst hratt eins og dæminn sanna og verðum við þá að vera undir það búin að mæta þeim áskorunum. Margt höfum við lært á síðustu mánuðum um það hvernig halda megi fundi í gegnum veffundarþátt og við eigum ekki að hika við að notfæra okkur það ef þrengt verður að okkur aftur í sóttvarnarástöfnum þannig að hefðbundnir fundir geti ekki farið fram. Ég held að við sjáum það öll hversu mikilvægt það er að halda af stað með klúbbastarfið og skipuleggja þá viðburði sem framundan eru. En höfum hugfast að mikil-

vægast er að stuðla að öryggi við undirbúning fundu eða verkefna og að þau rúmist innan þess sóttvarnarramma sem þá kann að vera í gildi. En við megum ekki falla í þá gryfju að kasta frá okkur verkefnum framtíðarinnar sem á endanum kynni að vera mögulegt að vinna að. Heldur verðum við að setja skipulag þeirra í gang og taka stöðuna þegar á reynir. Það versta sem gerist er að við þurfum að fresta eða fella niður viðburð, en í besta falli getur starf okkar haldið áfram og skilað liðveislu til samfélagsins. Samfélags sem svo sannarlega mun þurfa á henni að halda á komandi misserum.

Í því ljósi þess að starfið flosnaði upp að stórum hluta síðastliðin vetur og fram á vor er mikilvægt að stjórnir klúbbanna verði vakandi fyrir því að félagarnir skili sér til starfa núna í haust. Eigi þannig samtal við alla þá féлага sem eru í klúbbunum þegar starfið er að hefjast sem kunna að virðast hafa dregið sé í hlé eða fjarlægst klúbbinn vegna ástandsins. Við vitum það öll að þegar óregla kemur á t.d. fundarsókn eða niðurfellingar verkefna er hætt við því að einhverjir flosni upp í og skili sér ekki inn í starfið aftur. Þess vegna verðum við öll að vera vakandi og halda utan um hvert annað, eiga samtal við hvert annað og keyra klúbbastarfið í gang með þeim krafti sem í okkur býr. Að sama skapi verðum við að tryggja að allir félagar hafi tilgang í klúbbstarfinu sem gæti verið að taka breytingum. Felum því öllum félögum verkefni við hæfi innan klúbbanna svo þeim líði þar vel og blómstri.

Einkunnarorð alþjóðaforseta Jong-Yul Choi á síðasta starfsári var „Diversity“ eða fjölbreytileiki, en þar sem að alþjóðþing Lionshreyfingarinnar í Singapore var fellt niður verður hann áfram alþjóðaforseti á þessu starfsári. Einkunar orð hans fyrir núverandi starfsár er „united in diversity and kindness“ sem má útleggja sem „sameinuð í fjölbreytileika og góðvild“. Þessi einkunarorð rýma vel við þau einkunarorð sem ég setti mér fyrir starfsárið sem umdæmisstjóri í 109B sem eru „Kraftur fjölbreytileikans“. Það sem þessi einkunarorð vísa öll til er fjölbreytileikinn, fjölbreytileikinn í starfi okkar, fjölbreytileikinn í klúbbunum og fjölbreytileiki í félaganna í klúbbunum. Það er nefnilega þannig að samfélögin okkar eru fjölbreytt og því mikilvægt að starf Lionshreyfingarinnar endurspegli þennan fjölbreytileika samfélagsins. Ein leið til að komast að því marki er að auka fjölbreytileikan í starfi okkar og að klúbbarnir fagni fjölbreytileikanum í sínu starfi. Við höfum öll ólíka sýn og brennum fyrir ólíkum

KRAFTUR FJÖLBREYTTILEIKANS
POWER OF DIVERSITY



Guðjón Andri Gylfason
Umdæmisstjóri 109B 2020 - 2021

málefnum. Því tryggjum við fjölbreytileikan innan klúbbanna með því að félagahópurinn sé fjölbreyttur. Í því felst kraftur sem kemur frá grasrótinni innan klúbbsins og starfið innan klúbbanna fær tækifæri til að blómstara sem aldrei fyrr.

Þarna eru því tækifæri fyrir klúbbanna okkar til að vinna að sínum félagamálum. Opna fyrir frekari fjölbreytileika með því að taka inn í klúbbana fólk sem hefur ólíkan bakgrun úr öllum lögum samfélagsins. Með þeim fjölbreytileika munu án efa vakna nýjar hugmyndir verkefnum, nýjir straumar munu leika um klúbbinn sem saman gera klúbbinn öflugri og hann um leið ynni að fjölbreyttara starfi. Starfi sem verður tekið eftir og dregur að aðra sem gætu hugsanlega viljað ganga til liðs við hreyfinguna.

Við verðum að læra að sleppa tókunum og gefa nýjum röddum tækifæri. Stóra spurningin í þessu samhengi er hvort klúbbarnir okkar tilbúnir til þess að taka þetta skref til nýrrar framtíðar eða eru þeir fastir í viðjum vanans og vilja enga nýbreytni í sitt starf. Er það örfáir einstaklingar innan klúbbanna sem standa í vegi fyrir framsækni og framtíðarsýn annara féлага? Í mínum huga er slíkt hugarfar hættu-merki fyrir þá klúbba sem kjósa að ríghalda í allar hefðir og hafna nýjum hugmyndum í starfinu.

Það sem allir klúbbarnir þurfa er nýliðun og að fagna fjölbreytileikanum sem í henni felst. Ein leið til að auka aðdráttaraflíð að klúbbunum er sýnileikin, að klúbbarnir sýni á spilín í sínu nærsamfélagi um starf sitt og dragi þannig að nýtt fólk. Segjum því sögur af því sem við erum að gera, um það sem við erum að gera og hversu gefandi starfið okkar getur verið. Í raun eru þetta allt hetjusögur sem ég hlakka til að fá að heyra.

Eitt af markmiðum okkar umdæmisstjóranna er að hvetja klúbba til þess að halda kynningar-

kvöld. Þar væri samfélaginu boðið á kynningu á starfi klúbbanna og það hvatt til að taka þátt starfi þeirra. Í því samhengi er okkar trú að dusta megi rykið af „Ask One“ eða bjóðum einum. Þannig myndi hver félagi bjóða einum eða fleirum á slíkan fund og bjóða í framhaldi gestum að að taka þátt í starfinu. Hvernig þetta er útfært getur verið misjafnt eftir klúbbum eða svæðum, en í undirbúningi er stuðningur frá umdæminu til að halda slíka fundi og einnig hvort umdæmið tæki jafnvel þátt í skipulagi þeirra og framkvæmd. Staðreyndin er að okkur hefur verið að fækka jafn og þétt. Því er mikilvægt að við tökum höndum saman í að snúa þeirri þróun við, ef vilji okkar er til þess að Lionshreyfinginn verði starfandi hér á landi til lengri framtíðar.

Ég geri mér grein fyrir því að það verður ekkert auðvelt að snúa við þróun félagamála innan sumra klúbba. Hefðin innan þeirra er svo sterk og fastskorðuð að nýliðun er jafnvel litin hornauga. En það er til leið framhá þessu ef klúbbar kjósa, en það er að stofna deild út frá klúbbnum sem geta unnið sjálfstætt eða með klúbbnum í ákveðnum verkefnum. Til þess að stofna deild þarf fimm félaga hvort sem þeir eru allir nýjir eða einhverjir félagar sem eru tilbúnir að leggja deildinni lið eða færa sig úr klúbbnum í deildina. Þó er rétt að taka það fram að deildirnar eru alltaf undir forsjá klúbbsins þar til þær hafa vaxið, slitið barnskónum og náð 20 félögum. Fyrst þá geta þær orðið að sjálfstæðum klúbbi. Í þessu samhengi verðum við að horfa út fyrir þægindaramman okkar. Er möguleiki á að stofna kvennadeild út frá karlklúbbi? Eða karlklúbb út frá kvennklúbbi? Eða viljum við bjóða jaðarsettum hópum að vinna innan Lionsklúbbs. Deildirnar má jafnframt stofna

um eitthvert ákveðið málefni eða verkefni og smala saman fólki sem hefur áhuga á að starfa að því sérstaklega. Slíkar deildir gætu þá kannski á endanum orðið að einkennisklúbbi „Speciality club“ þegar fram í sækir. Í mínum huga er þetta verkefni okkar allra að hugsa út fyrir boxið og skoða allar mögulegar leiðir. Ekki hafna hugmyndum sem gætu hugsanlega aukið hróður og vitund hreyfingarinnar til framtíðar. Við höfum ekki leyfi til þess vegna komandi kynslóða.

En hvert er hlutverk umdæmisins eða umdæmisstjóra í þessu máli? Sumir klúbbar hafa á ákveðin hátt einangrað sig frá hreyfingunni og hafa lítinn vilja til þess að taka þátt í eða fylgjast með því starfi umdæmanna. Því þarf að breyta og snýr það að umdæmisstjórninni að taka frumkvæði og leita eftir samvinnu klúbbana svo komast megi áfram í þeirri vegferð. Því án klúbbanna og sérstaklega félagana innan þeirra verður ekkert starf innan umdæmisins. Þetta samtal þurfum við að vera tilbúin að taka á starfsárinu.

Í undirbúningi mínum við að taka við stjórn umdæmisins velti ég þessu mikið fyrir mér. Sá fyrir mér að samtalið á milli klúbbanna, svæðisstjóranna og þá svæðisstjóra og umdæmisstjórnar þyrfti að vera virkara. Það eitt kynni að styðja við starf klúbbanna með virkari hætti og raddirnar heyrðust þar á milli. En hvar er betra að leita hugmynda um það hvernig við eigum að ná árangri í þessu samtali en hjá grasrótinni í hreyfingunni?

Því hafði ég samband við hvern féлага í umdæminu og óskaði eftir starfskröftum í umdæmisstjórnina og þær nefndir sem stofnaðar voru til þess að halda utan um starfið á umdæmisvísu. Þetta ákall til grasrótarinnar, bæði síðla vetrar og nú síðsumars, tókst afar

vel. Og brugðust mjög margir við með jákvæðum hætti og fögnuðu því að til þeirra væri leitað. Nú er umdæmisstjórn og nefndir hennar því skipuð fersku kraftmiklu fólki sem hefur lagt á sig umtalsverða vinnu nú síðsumars í gegnum veffundarbúnað. Þar hafa verið rædd málefni og markmið umdæmisstjórnanna og hvernig við getum náð enn betri árangri, saman, í þessari vegferð. Þessi hópur telur 42 einstaklinga. Þar af er ríflega helmingurinn einstaklingar sem eru að koma að starfi umdæmisins í fyrsta skipti. Hópurinn kemur úr mörgum klúbbum og nær yfir öll svæðin innan 109B. Ég gæti ekki hafa verið heppnari með fólkið í kringum mig og hlakka gríðarlega mikið til vinna áfram með því á starfárinu.

Síðustu helgina í ágúst var fyrsti fundur umdæmisstjórnar og nefnda hennar. Fundurinn var sameiginlegur með báðum umdæmum og fjöllumdæminu. Langstærsta hluta fundarins var varið í hópastarf, um sameiginleg stefnumál okkar umdæmisstjórnanna og málefni fjöllumdæmisins. Vinnan tókst með miklum ágætum og var góð stemming í hópunum og allir horfðu einbeittir á það markmið að hreyfinginn okkar næði árangri í framtíðinni. Sérstaklega var gaman að sjá og heyra frá nýliðunum okkar sem svo sannarlega tóku sér pláss í umræðunni og komu ferskum hugmyndum inn í umræðuna. Þessu ber að fagna sérstaklega að grasrótin okkar sé með okkur í þessari vinnu og er ég afar stoltur af okkar fólki.

Á næstu vikum munið þið því sannarlega verða vör við vinnu þessara hópa þegar við munum hvetja til frekara samtals og samvinnu á milli klúbbanna, svæðisstjóranna og umdæmisins. Það samtal skilar okkur vonandi einhverjum skrefum áfram til eflingar Lionshreyfingarinnar á Íslandi.

Hlakka til að hitta ykkur í heimsóknum mínum til klúbbanna á starfsárinu og legg á það áherslu að þið hafið samband við mig ef það er eitthvað, hvað sem er, sem þið viljið koma á framfæri við mig eða til nefnda umdæmisins.

Sameinuð í fjölbreytileika og góðvild leggjum við lið.

Kær kveðja
Guðjón Andri Gylfason
Umdæmisstjóri 109B
Kraftur fjölbreytileikans



Hér má sjá hópinn sem fjallaði um málefni sykursjúkinnar á sameiginlegum umdæma og fjöllumdæmis í lok ágúst. Júlía Brynjólfsdóttir, Jón Bjarni Þorsteinsson, Óska Aradóttir, Barni Ásbjörnsson og Sigþór Sigurðsson hópstjóri.

Að hafa skýra sjón er lúxus. Lions skapar þennan lúxus hjá mörgum

Eftir Jamie Weber

Móðir stendur í dyrum augndeildar og getur ekki annað en brosað og horft á barnið sitt sjá skýrt í fyrsta skipti. Hún hafði ekki efni á að koma dóttur sinni til augnlæknis og vissi reyndar ekki að dóttir hennar var sjónskert. Alltof margir krakkar búa við skerta sjón eða jafnvel blindu. Allar götur síðan 1925 hefur baráttan gegn blindu verið efst á baugi lionsfélaga og árangurinn af þeirri baráttu hefur ekki látið á sér standa.

Á stórum svæðum í Utah, Bandaríkjunum er heilbrigðisþjónusta lítt aðgengileg og getur þurft að fara langar leiðir til að komast til læknis, sérstaklega ef um augnvandamál er að ræða. Lionsfélagar í Utah láta sér afar annnt um sitt nærumhverfi og gerðu sér fulla grein fyrir þessu vandamáli, sérstaklega hvað varðar börn.

Með sjónverndarmarkmið Lions í huga hófu lionsfélagar í Utah samstarf við góðgerðarsamtökin Eye Care 4 Kids. Samtökin sem voru stofnuð af lionsfélaganum og sjóntækjafræðingnum Joseph Carbone notar bíl innréttaðan sem sjónskimunarstofu til að ferðast um þau svæði Utah þar sem þörfin er mest. Með því að nota myndavélar til að skoða sjónina skanna Lions og aðrir þjálfaðir sjálfboðaliðar börn með slæma sjón. Ef skimun gefur til kynna að barn þarfnist ítarlegri skoðunar er þeim hjálpað við að komast til augnlæknis. Þessar skimanir hafa fundið alvarleg veikindi eins og æxli og önnur vandamál sem gætu hafa leitt til varanlegs sjóntaps.

Í þeim tilvikum sem foreldrar hafa ekki efni á læknisskoðun og meðferð er þjónustan veitt án kostnaðar. Það er mikill léttir fyrir foreldra sem áður þurftu að velja milli þess að koma börnum sínum til læknis eða að eiga fyrir öðrum nauðsynjum heimilisins.

Lions og Eye Care 4 Kids glímdu þó við eitt vandamál. Sjónskimunarbíllinn sem þeir nota var orðinn úreltur og í mikilli þörf fyrir viðhald. Það var því orðið erfitt að ná til allra þeirra sem á þurftu að halda. Með þessa miklu þörf í huga leituðu lionsfélagarnir til Alþjóðahjálparsjóðs Lions (LICF). Sjóðurinn veitti 99.600 dollara til verkefnisins. Bíllinn hefur nú verið gerður upp með fullkomnum skimunarbúnaði og öðrum tækjum sem á þurftu að halda.



Bíllinn er nú aftur kominn í notkun og skimar börn næstum daglega vítt og breytt um Utah og jafnvel í næstu fylkjum. Í Utah er um það bil 60.000 flóttamenn sem komið hafa í leit að betra lífi. Í ljós hefur komið að mikið af því fólki átti við sjónvandamál að stríða og ekki bara börn. Þetta skapaði ýmis vandamál, öll samskipti urðu erfiðari. Því var ákveðið að bjóða öllu þessu flóttafólki skimun og aðstoð.

„Flóttafólkið, bæði börn og fullorðnir þurfa svo sannarlega á þessari þjónustu að halda,“ segir Joseph Carbone. „Maður getur ekki verið sjálfbjarga ef hann getur ekki séð eða lesið.“

Lesið má mikinn létti og mikla gleði á andlitum fjölskyldnanna sem notið hafa þjónustunnar. Vegna umhyggju Lions og LCIF eru þeir einu skrefi nær draumum sínum.

Á vefsíðunni www.lionsclubs.org/campaign100 er hægt að afla sér upplýsinga um hvernig átakið Campaign 100 styrkir Lions í baráttunni gegn blindu og við fjölmörg önnur verkefni.

Þýðing: Kristinn Hannesson

Rafræn stjórnarsýsla í Lionsklúbbunum

Jóhanna Thorsteinsson

Formaður Lkl. Eirar



Þegar við tókum við nýju embætti í Lions, þá býðst okkur margvísleg fræðsla til að geta sinnt starfi okkar sem allra best. Hvort tveggja er að fræðsluteymið okkar er öflugt og menn þar duglegir að bjóða fræðslu langt umfram fræðslu fyrir viðtakandi embættismenn og svo hitt, að á innri vef LCI eru fjölmargir fræðslupakkar í boði. Bæði námskeið á netinu og námskeið í hverri heimsálfu fyrir sig um hin fjölbreyttustu efni. Og svo má ekki gleyma allri þeirri fræðslu sem er í boði á þingum sem eru haldin eru víða um heim.

Fræðsluteymið okkar undir stjórn Halldórs Kristjánssonar GLT hefur verið íslenskað að mestu og því öllum auðvelduð þátttaka. Fræðsluefnið á alþjóðavefnum er hins vegar á

ensku og fyrir þá sem ekki eru enskumælandi þá eru þeir meira mál.

Og nú, þegar runnir eru upp dagar fjárfunda og fjarnámskeiða og jafnvel fjáraflanir á netinu þá reynir á tæknikunnáttu félaganna okkar. Mér datt því í hug hvort ekki væri ástæða til að halda tvenns konar nám fyrir viðtakandi stjórnir klúbbanna; annars vegar námskeið fyrir þá sem eru nýir í embættum sínum og hafa ekki setið í stjórnunum áður, og svo nokkurs konar uppþærlunámskeið fyrir þá sem eru þálfreyndir í öllum embættum klúbba sinna og tryggja þannig tölvulæsi allra.

Jóhanna Thorsteinsson

Alþjóðahjálparsjóðurinn – Campaign 100

Kristinn Hannesson

Protokol- og þingstjóri



Alþjóðlega fjáröflunarátaki Alþjóðahjálparsjóðsins, Campaign 100, var hrundið af stað með ákvörðun alþjóðafþingsins í Las Vegas 2018 og átti að ljúka 30. júní 2021. Í ljósi Corona heimsfaraldursins hefur verið ákveðið framlengja áttíundina um eitt ár og það stendur því til 30. júní 2022.

Segja má að átakið hafi farið gríðarlega vel af stað og þegar tíminn var hálfnaður var átakið einnig hálfnað. Þá koma stóri skellurinn eins og allir þekkja. Frá síðustu áramótum hefur auðvitað eitthvað þokast áfram en alls ekki eins og búist var við og það er hætt við að þessu ástandi linni ekki alveg á næstunni.

Þörfin gríðarlega mikil.

Á sama tíma hefur hins vegar þörfin fyrir sterkan styrktarsjóð aukist svo um munar. Þegar þetta er skrifað hefur LCIF veitt 340 neyðarstyrki vegna Covid – 19 samtals að upphæð 5.179.492 dollara. Það er eftirtektarvert að ríflega 32% af þessari upphæð hefur verið veitt vegna ástandsins í Evrópu.

Á sama tíma og þessir styrkir hafa verið veittir vegna Covid – 19 hafa fjölmargir styrkir verið veittir í önnur verkefni að ógleymdum styrkjum vegna náttúruhamfara sem nema 6,182,639 dollurum frá áramótum.

Á nýliðnu starfsári stóðum við, íslenskir

Lionsfélagar, okkur nokkuð vel og létum ekki okkar eftir liggja þegar koma að framlögum í sjóðinn. 85% klúbbanna á Íslandi lögðu eitthvað til LCIF og eftirtektarvert að síðastliðin 3 ára hafur þátttaka klúbba B umdæmisins verið 100%.

Þátttaka klúbba

Það er mikils virði að allir klúbbar landsins sjái sér fært að leggja LCIF lið, hver eftir sínum aðstæðum. Munum að þarf ekki alltaf mikið til og raunverulega ótrúlegt hvað hægt er að gera fyrir 100 dollarar.

- Sjónvernd, útvegað 2 aðgerðir við ský á auga.
- Ungmennamálefni, útvegað Lions Quest kennslu efnið fyrir heilan árgang í skóla.
- Sykursýki, útvegað blóðsykursmælingu fyrir 200 manns.
- Mislingar, útvegað bólusetningu gegn mislingum fyrir 100 börn.
- Náttúruhamfarir, útvegað neyðarbúnað fyrir 4 einstaklinga vegna náttúruhamfara.
- Umhverfisvernd, útvegað vatnsbrunn með hreinu vatni til frambúðar fyrir lítið þorp.

Vert er að hafa í huga að með framlögum til Campaign 100 öðlast klúbbar rétt til 15% endurgreiðslu af sínum framlög til verkefna í

heimabyggð. Undantekning eru framlög sem sérmerkt eru náttúruhamförum sem renna óskipt til þess verkefnis.

Persónuleg þátttaka Lionsfélaga.

Flest erum við að styrkja allskonar samtök hér heima fyrir en fæst okkar styrkja persónulega okkar eigin alþjóðlega styrktarsjóð. Án þess að kasta rýrd á önnur samtök þá spyr maður sig:

Af hverju styrki ég, til dæmis Rauða Krossinn, þegar hann fer í skyndisafnanir vegna náttúruhamfara enn ekki minn eigin alþjóðlega hjálparsjóð sem sendir út ákall af sömu ástæðu. Hjá LCIF fer hver einasta inn komin króna til hjálparstarfs meðan margir aðrir sjóðir nota 25% (jafnvel meira) af sínu söfnunarfé í rekstrarkostnað.

Glymum ekki að við erum hlekkur í alþjóðlegri keðju sem undanfarin 8 ár hefur fengið hæstu mögulegu einkunn Charuiry Navigator fyrir gagnsæi og góðan rekstur.



Munið minningarkort Lions

Falleg minningarkort Lions faanleg hjá öllum Lionsklúbbum og á skrifstofu Lionshreyfingarinnar í síma 561 3122. <https://www.lions.is/is/minningarkort> EFLUM ÍSLENSKA HJÁLPARSJÓÐ LIONSHREYFINGARINNAR.

Ofurbörn - Lions breytir veikum börnum í ofurhetjur

Lionsfélögum í Pýskalandi finnst að lífið eigi Lað bjóða upp á sem flestar töfrastundir. Þessar stundir geta aukið kjark og haldið voninni lifandi þegar erfiðleikar steðja að.

Og það var einmitt það sem Braunschweig lionsklúbburinn vildi gera fyrir alls nýu börn á Braunschweig krabbameinsdeildinni fyrir börn (K5). Klúbburinn ýtti úr vör verkefninu „Ofurhetjurnar okkar“ sem byggir á hugmynd ítalska ljósmyndarans og sjónlistamannsins Josh Rossi.

Rossi og eiginkona hans fengu búninga-hönnuð til liðs við sig til þess að hanna búninga nákvæmlega eins og þá sem eru í bíómyndinni Justice League, fyrir fötluð eða sjúk börn. Fyrirmyndirnar voru sérstaklega valdar með það fyrir augum að draga fram hæfileika hvers barns fyrir sig.

„Hugmyndin var að sýna þeirra innri styrk á þann hátt að það kallaði fram bros á andlitum þeirra og annarra sem eiga við samskonar vandamál að stríða“, sagði Rossi.

„Myndbandið (um verkefnið) heillaði mig svo að ég vissi að við yrðum að reyna þetta í Braunschweig“, sagði lionsmaðurinn Michael Schwarze.

Að verkinu komu einnig ljósmyndari, tókumaður og förðunarfræðingur og var heill dagur tekinn í að breyta sérhverju barni í uppáhalds ofurhetju þess. Þegar myndirnar höfðu verið teknar voru þær lagaðar til, sérstökum tæknibrellum bætt við og þær síðan prentaðar á 60x90 cm striga.

Myndirnar voru afhentar sjö af börnunum níu við sérstaka athöfn en í lok hennar komu lionsfélagarnir hópnun á óvart með leynigesti sem var slökkvilið Braunschweig. „Þegar svona margar ofurhetjur eru saman komnar má slökkviliðið ekki vanta“, sögðu lionsmennirnir Daniel Steinke og Detlef Olms.

Að þessu loknu buðu lionsmenn ofurhetjunum og fjölskyldum þeirra, læknum og öllum þeim sem tóku þátt í verkefninu í útsýnisflug í einkaflugvél yfir Braunschweig.

„Ég á ekki nógu sterk orð til þess að lýsa þakklæti mínu“, sagði Schwarse. „Allir sameinuðust af hlýju og einlægni í því að gefa börnunum þessa sannkölluðu töfrastund“.

Pýðing Edda J Briem



Lions leggur lið

Lionsklúbburinn Eik styrkir Hjálparsveit Skáta í Garðabæ

Lionsklúbburinn Eik heldur upp á 35 ára starfsafmæli sitt á þessu ári. Það voru liðlega 50 konur sem gengu til liðs við klúbbinn þegar hann var stofnaður. Í dag eru 37 félagar í klúbbnum og mjög margar eru búnar að vera með frá stofnun. Það sýnir að það er ljúft og gott að eiga saman samfélag undir merkjum lionshreyfingarinnar. Fundir eru haldnir einu sinni í mánuði yfir vetrartímann. Við förum saman í skemmtiferðir, eigum fallegan gróðurreit í Smalaholti og sinnum fjölbreyttu starfi innan hreyfingarinnar.

Eins og aðrir Lionsklúbbar starfar Eik undir kjörorði hreyfingarinnar “Við leggjum lið,” og það hefur klúbburinn sannarlega gert allt frá stofnun. Hann hefur stutt ýmis samfélagsleg verkefni í Garðabæ, verkefni á landsvísu og einnig lagt alþjóðlegum verkefnum hreyfingarinnar lið.

Í vetur samþykktum við að veita styrk til styrktarsjóðs Garðasóknar, við samþykktum að leggja styrktarfélaginu LÍF stuðning og vera með í verkefninu að kaupa nýjar vöggur fyrir fæðingadeild Landspítalans og eru þær komnar í notkun. Við styrkjum alltaf á hverju ári LCIF sjóðinn sem aljóðlegur styrktarsjóður Lionshreyfingarinnar.

Og svo samþykktum við að veita Hjálparsveit Skáta í Garðabæ styrk að upphæð kr 200.000 vegna óvanalega margra verkefna sem þau hafa verið kölluð til að sinna í vetur.

Formaður Lionsklúbbsins Eikar Halldóra Ingibergsdóttir og Laufey Jóhannsdóttir formaður verkefnaneftdar afhentu formanni Hjálparsveitar Skáta í Garðabæ Írisi Dögg Sigurðardóttur styrkinn í húsnæði hjálparsveitarinnar við Bæjarbraut nýlega.



Starf klúbbsins á síðustu vikum hefur mótast af áhrifum af COVID 19 og þó það hafi breytt lífnaðarháttum okkar, þá hefur það ekki breytt hver við erum sem Lionsfélagar. En vonandi stytta öll el upp um síðir og þá færast starfið í hefðbundnari farveg aftur með bjartri framtíð.

Laufey Jóhannsdóttir

Formaður verkefnaneftdar Lionsklúbbsins Eikar.

Lionsklúbbur Laugardals



Lionsklúbbur Laugardals hélt lokafund síðasta starfsárs að þessu sinni 29. maí.

Fyrir fund tóku félagar að sér að safna saman trjám sem starfsmenn Skógræktar ríkisins höfðu fellt og komu þeim í kurlara. Síðan var kurlinu dreift á göngustíg skammt frá grillskálanum á Laugarvatni. Einnig voru tvö ræsi sett í göngustíg sem liggur um skóginn.



Að lokum voru snæddir ljúffengir hamborgarar frá Laugardalshólum. Undanfarin sumur hefur klúbburinn tekið að sér umhirðu á grafreitnum á Laugarvatni.

Hefur þetta verið eitt af fjáröflunarverkefnum klúbbsins og mælst vel fyrir.

Það var ekki lengi gert að slá, raka og snyrta grafreitinn fyrir vaska sveit Lionsmanna! Endaði á kaffi og koníaki, kaldur á kantinum í boði líka. Það verður eitthvað næsta sumar þegar við förum að hittast þarna reglulega.

GRV fréttaritari



Lionsklúbburinn Fjölur

Veturinn 2018/19 efndi Lionsklúbburinn Fjölur til fjáröflunar til kaupa á nauðsynlegum tækjum og búnaði fyrir endurhæfingardeild Landspítalans við Grensás. Tilgangur söfnunarinnar var að gera deildinni kleift að endurnýja nauðsynleg tæki og búnað. Deildin tók til starfa fyrir tæplega 50 árum og á þeim tíma sem liðinn er frá stofnun hennar hefur engu verið bætt við húsnæði hennar utan viðbyggingar fyrir sundlaug fyrir nær 20 árum. Á sama tíma hefur landsmönnum fjölgað um meira en 50% og þörfin fyrir þjónustu deildarinnar enn meira. Nú hafa verið gerðar í góðu samstarfi við yfirstjórn Landspítalans áætlanir um stækkun deildarinnar með viðbyggingu vestan við núverandi hús. Heilbrigðisráðherra hefur gefið fyrirheit um að tryggðar verði fjárveitingar til að ljúka viðbyggingunni á næstu þrem árum og verður 300 milj. kr. fjárveiting á fjárlögum næsta árs.

Grensásdeild til að afhenda tækin „formlega“ og var meðfylgjandi mynd tekin við það tækifæri. Tækin sem um ræðir eru rafknúid standborð með lyftibúnaði, segli og hnéstuðningi, enn fremur raförvunartæki fyrir mænu-skaðaða og þrekhlól með tilheyrandi fylgibúnaði. Við afhendinguna urðu allir að bera andlitsgrímur vegna covid-smithættu, en á myndinni eru f.v.: Sigurður Eggertsson, Jón H. Magnússon, gjaldkeri Lkl. Fjölur, Ída Braga Ómarsdóttir, yfir-sjúkraþjálfari, Hrnann Baldvinsson, formaður Lkl. Fjölur og Ottó Schopka.



Nýlega komu nokkrir félagar í Lkl. Fjölur á

Lionsklúbbur Ólafsvíkur



Í Lionsklúbbi Ólafsvíkur var fjölbreytt og öflugt starf í vetur í bland við samkomubann og dvala. Í félaginu voru 38 félagar og fjölgaði um 2 á starfsárinu. Meðal verkefna voru leikfangahappdrætti á aðfangadag og að setja upp ártal á höfninni. Klúbburinn sá um þorablótið á Klifi ásamt öðrum félagasamtökum. Á skólaslitum Grunnskólans var framúrskarandi nema í íslensku færð bókagjöf. Með félögum okkar í Rán héldum við þrettándagleði og við tókum þátt í sykursýkisdeginum ásamt öðrum klúbbum í Snæfellsbæ. Ótengt því þá seldum við ekki löngu síðar súkkulaðidagatöl um leið og við dreifðum rafhlöðum í hús. Gáfum við fæðingarbekk á sjúkrahúsið ásamt öðrum klúbbum á starfsvæði Sjúkrahúss Akraness. Fyrir þau sem eru aðeins eldri héldum við Nesball í samstarfi við aðra, það er fyrir heldri borgara á Snæfellsnesi Eftirtaldir aðilar fengu styrki: Leikskólinn Krílakot, Skógræktarfélag Ólafsvíkur, Ólafsvíkurkirkja vegna aðgengismála, Björgunarsveitin Lífsbjörg, Smiðjan, Líknarsjóður Ólafsvíkur og Ingjaldshólssókna og Sjóminjasafnið.

Maður er manns gaman og lagt var áhersla á það í starfinu. Fundað var tvisvar í mánuði, ýmist félagsmálafundur eða vinnufundur. Desembermánuður var undirlagður í vinnufundum og var haldið velheppnað skötukvöld. Varaumdæmistjóri, Guðjón Andri Gylfason, heimsótti okkur, og einnig fengum við fyrirlesara til okkar, Lárus Ástmar Hannesson, formaður landsambands hestamannafélaga og Fríðu Sveinsdóttur, sem

sagði frá Everestför. Við heimsóttum svo Hellaferðir á Gufuskálm og Sjóminjasafnið á Hellissandi.

Haldinn var velheppnaður íþróttadagur með Lionsklúbbi Nesþinga þar sem stundaðar voru óhefðbundnar íþróttir og endað með að fara á Sker og njóta pítsuhlaðborðs. Ekki eru allir sáttir við úrslitin, en formaður tók á sig að kenna okkur hinum að það geta ekki allir unnið, nema hann.

Farið var í velheppnaða haustferð um Borgarfjörð. Vegna samkomubanns var starf klúbbsins síðan nánast í frystingu fram í maí og þá farið í að hreinsa á vegum Vegagerðinnar. Í lok síðustu hreinsunarinnar var haldið á Arnarstapa og slegið upp grillveislu og fögnuði.

#LeggjumLið
Óskar Ingi Ingason



Lionsklúbbur Mosfellsbæjar



Árleg útilega Lionsklúbbs Mosfellsbæjar fór fram helgina 14.-16. ágúst s.l. í Skógarnesi við Apavatn undir stjórn félaga okkar Kristins Hannessonar, Björns Heimis Sigurbjörnssonar og Þorsteins Ólafssonar. Veður var gott þessa helgi og samvera klúbbfélaga og gesta okkar öll hin skemmtilegasta. Þátttaka félagsmanna var að vísu fremur dræm vegna Covid ástandsins. 7 félagar mættu á svæðið en með liðstyrk frá mökum okkar og Lionsklúbbnum Úu og gestum voru félagar úr 6 lionsklúbbum mættir. Voru rúmlega 20 manns í sameiginlegri útveislu á laugardagskvöldinu. Þar var 2ja metra fjarlægðarreglan að sjálfsögðu haldin eftir bestu getu.

Það er fastur liður í þessari útihátíð að spila golf á 9-holu golfvöllinum í Skógarnesi. Þetta golfmót köllum við „Jól exclusive“ til heiðurs

fyrirverandi félaga okkar Jól Kr. Jólssyni, garðyrkjubónda í Reykjavíð í Mosfellsbæ. Jól bjó nefnilega til lítinn 6-holu golfvöll á landi sínu umhverfis gróðurhúsin og þar áttum við lionsfélagarnir margar góðar og glaðar stundir meðan hans naut við. (Tekið skal fram að fæstir okkar snerta á golfkylfu nema í þetta eina skipti á ári). Einnig voru grillaðar samlokur að golfi loknu til heiðurs og minningar um félag okkar Guðjón Kristinsson.

Frábær helgi með góðum vinum, hittumst á sama stað næsta sumar.

*Fyrir hönd Lionsklúbbs Mosfellsbæjar
Magnús Sigsteinsson formaður*

Lionsklúbburinn Njörður

Við félagar í Lionsklúbbnum Nirði heiðruðum félaga okkar Arnar Hauksson með veitingu Kjaransorðu í afmælishöfi 60 ára afmæli klúbbsins.

Arnar Hauksson kvensjúkdómalæknir sem er fæddur 9. nóvember 1947 gekk í Lionsklúbbinn Njörð í Reykjavík í október 1999. Arnar hefur verið mjög virkur, góður og skemmtilegur félagi í klúbbnum, og tekið að sér mörg embætti, sem dæmi er hann mjög eftirsóttur sem síðameistari enda gegnt því embætti oft, setið í stjórn og var formaður klúbbsins 2007-2008. Arnar hefur verið óþreypandi í gegnum tíðina að tala við okkur félagana um að passa vel upp á heilsuna og verið sjálfur og fengið aðra til að vera með marga fróðlega fyrirlestra um það efni á fundum, og hvatt okkur til að borðar hollan mat og ástunda gott lífni. Einnig er hann alltaf til búinn að aðstoða ef

menn finna til lasleika enda í gamni verið kallaður læknir klúbbsins.

Arnar hefur verið góður tengiliður fyrir Lionshreyfinguna og Njörð t.d. í sambandi við sykursýkismælingarnar og verið Nirði ómetanlegur sem tengiliður Njarðar þegar verið er að ákveða með hjúkrunarforstjórnunum þau fjölmörgu lækningatæki sem við höfum afhent, Grensás, Hrafnistu, Landspítala og öðrum í gegnum tíðina.

Menntun Arnars Haukssonar er kvensjúkdómalæknir og er hann mjög vinsæll og eftirsóttur. Sem slíkur er mikið til hans leitað til að fjalla um fræðin og hefur hann skrifað margar fræðigreinar í læknafræðirit og margoft komið fram í fjölmiðlum til að tala um starf sitt.

*Fyrir hönd félagana í Nirði
Hörður Sigurjónsson
Protocolstjóri Njarðar*



Arnari Hauksson Lionsklúbbnum Nirði var heiðraður með Kjaransorðunni af Guðrúnu Björt Inguadóttir fo. alþjóðaforseta Lions og formanni klúbbsins Ásgeiri Sveinssyni á 60 ára afmæli klúbbsins

Lionsklúbbur Hafnarfjarðar



Ný stjórn tók við 1. júlí: G. Kristinn Jóhannesson, gjaldkeri. Haraldur Benediktsson, formaður. Magnús Jónsson, ritari. Fráfarandi stjórn: Magnús Aadnegard, Úlfur Atlason og Magnús Baldvínsson



Samir sölumenn fengu Kjaransorðuna fyrir sölu á Gaflaramerkinu: Geir Hauksson, Magnús R. Aadnegard og Guðjón Þórir Þorvaldsson, ásamt Magnúsi formanni



Magnús formaður með fánann góða frá Lions International, sem klúbburinn fékk fyrir að hafa gert alla klúbbfélaga sína að Melvin Jones félögum



Hressir félagar áttatræðir. Afmælisbörnin heiðruð með Kjaransmerki: Guðjón Þórir Þorvaldsson, Geir Hauksson og Gunnar H. Stefánsson, ásamt formanni. Jón Rúnar Jónsson varð áttatræður í júlí og fær viðurkenningu á fyrsta fundi nýrrar stjórnar í september



Tveir nýir Melvin Jones félagar, þeir Svavar Þórhallsson og Úlfur Atlason, ásamt formanni Magnúsi Baldvínssyni



Magnús formaður afhendir Björgunarsveit Hafnarfjarðar veglegan styrk. Gísli Johansen og Þórir Sigurhansson (umsjónamaður leitarhunda) veittu styrknum viðtöku

Það er fátítt og fordæmalaust að hafa orðið þátttakandi og verið vitni að öðrum eins vetri og var á útmánuðum síðasta vetrar með öllum þeim boðum og bönnum sem þá voru settar á landsmenn, takmörkunum sem allir lionsmenn og landsmenn tóku þátt í. Já, þetta hafa verið skrytnir tímar sem við höfum lifað og setti alla starfsemi okkar á annan endann, fjáröflun og annað sem við erum vanir að vinna að á þessum tíma. Síðasti fundur var hjá okkur í febrúar þar sem ákveðið var að halda eldri borgurum í Hafnarfirði veglega veislu, það átti að færa Hrafnistu æfingatæki, fjáröflun var í undirbúningi, umdæmisþing og önnur góð mál í farvatninu.

Við félagarnir fjölmenntum til Björgunarsveitar Hafnarfjarðar í lok maí þar sem við afhentum sveitinni veglegan fjárstyrk sem fara á til kaupa á nýjum leitarhundi frá Ungverjalandi sem á að leysa hana Perlu af hólmi, sem er að verða tólf ára gömul og hefur verið dugleg við þau verkefni sem hún hefur sinnt í gegnum árin, þau eru orðin æði mörg og mörgum mannlífum eflaust bjargað.

Fyrsti fundur okkar eftir Covid-19 var 11. júní þar sem ýmis mál voru til umræðu, viðurkenningar veittar og menn heiðraðir, stjórnarskipti og aðalfundur. Við gerðum tvo félaga okkar, þá Svavar Þórhallsson og Úlf Atlason að Melvin Jones félögum, þar með hafa allir klúbbfélagar verið gerðir að Melvin Jones félögum. Formaður sýndi félögum sérstakan fána sem sendur var frá Lions International og er tákn um að Lionsklúbbur Hafnarfjarðar sé 100% Melvin Jones klúbbur. Salan á Gaflaramerki okkar hefur gengið mjög vel á liðnum árum og verið afskaplega vel tekið af bæjarbúum og sófnurum, salan fór ekki af stað í vor eins og til stóð en verður vonandi með þeim mun meiri krafti nú í september. Það er ekki öllum gefið að standa í anddyri verslana og



Yngsti meðlimur klúbbsins, Úlfur Atlason sæmdur sem Melvin Jones félagi og þar með hafa allir klúbbfélagar verið gerðir að Melvin Jones félögum



Magnús Ágústsson aldursforseti klúbbsins fékk Progressive Melvin Jones fyrir góð störf og mætingu. Gunnar Auðunn Oddsson var fjarverandi

selja merki en sannir sölumenn hafa gaman af, og ganga einnig í fyrirtæki og bjóða merkið góða til sölu. Glæsilegur söluárangur þriggja félaga okkar, þeirra Geirs Haukssonar, Magnúsar R. Aadnegard og Guðjóns Þ. Þorvaldssonar var þakkað og fengu þeir Kjaransmerki (kopar) fyrir. Þá sæmdum við fjóra félaga okkar Kjaransmerki (gull) vegna stór afmæla á árinu. Ólafur Einarsson, 60 ára (staddur erlendis) Geir Hauksson 80 ára, Guðjón Þórir Þorvaldsson 80 ára og Gunnar H. Stefánsson 80 ára. Jón Rúnar Jónsson varð áttatræður eftir stjórnarskipti og fær hann þá eflaust afmælisgjöf frá nýrri stjórn á fyrsta fundi í haust. Við sæmdum Gunnar Auðunn Oddson og Magnús Ágústsson Progressive Melvin Jones viðurkenningu sem er í raun árétting klúbbsins um góð störf félagsins. Þeir eru báðir aldursforsetar, þó hvor á sinn hátt. Gunnar Auðunn hefur verið lengst starfandi núverandi meðlimur klúbbsins. Hann gekk í klúbbinn 1963, hann hefur setið í hinum ýmsu nefndum og var sæmdur Melvin Jones viðurkenningu

Með kveðju frá Lionsklúbbnum Úa Mosfellsbæ Hvernig tókumst við á í byrjun Covid-19



Frá vinstri: Ida Fenger, Dagný Finnsdóttir og Thelma Þorsteinsdóttir



Dagný, Ida, frænka Thelmu og Thelma Þorsteinsdóttir



Marta Sigurðardóttir, Sigríður Guðmundsdóttir og Dagný Finnsdóttir

Fjarfundur. Nú voru góð ráð dýr, það var ómögulegt að vera ekki í sambandi við félagana, allt í óvissu, ekki mátti hittast á fundum. Klúbburinn er með lokaða Facebook-síðu, þar gátu félagar sett inn spjall, brandara, myndir og hvatningarorð. Þegar kom til tals að Lions myndi setja upp fjarsamband á Zoom ákváðum við í stjórninni að prufa að halda fjarfund í apríl og maí með góðri leiðsögn. Fyrir flestum okkar var þetta ný reynsla, en við vorum ánægðar að hafa reynt. Góð mæting og skil á fundinum.

Lokafundur þann 08.06. Þegar létt var á samkomubanninu ákváðum við að halda lokafund heima hjá formanni og pössuðum upp á réttu fjarlægðina. Það var greinilega mikil þörf á að hittast og kom berlega í ljós góður félagsandi, vinátta og ekki síst áhugi fyrir þeim verkefnum sem klúbburinn hefur verið að sinna. Stjórnarskipti fóru fram, en formleg skil skildu bíða fram í ágúst. Nýr félagi gekk í klúbbinn og einn félagi var gerður að Melvin Jones. Hátíðlegt og skemmtilegt. En! Það er leitt að missa féлага, fjórir félagar hættu á starfsárinu, við þökkum þeim fyrir gott og ánægjulegt samstarf á liðnum árum.

Stjórnarfundur. Haldinn 26.08.á Blik Bistro í Mosfellsbæ, þar sem skýrsluskil frá fráfarandi stjórn fór fram. Unnið verður að því að halda fundi í vetur en við hafa tekið Þorbjörg Friðriksdóttir formaður, Bryndís Hilmarsdóttir ritari og Ida Fenger gjaldkeri.

Útilega helgina 14.-16. ágúst s.l. Í nokkur ár hefur Lionsklúbbur Mosfellsbæjar boðið Úum ásamt mökum að taka þátt í árlegri útilegu þeirra í Skógarnesi við Apavatn. Þetta er afar vinsælt, en færri mættu nú vegna Covid ástandsins. Nokkrar Úur eiga maka í Mosfells-



Fremst er Sigríður Guðmundsdóttir, hægra megin Kristín Davíðsdóttir og Guðbjörg Pétursdóttir



Að loknum fyrsta fundi fjölumdæmisstjórnar í Hlégarði 29. ágúst 2020

bæjar klúbbnum en þess utan mættu 3 Úur ásamt mökum. Á laugardeginum var farið í árlegt golfmót þeirra, sem flestir taka þátt í en færstir kunna. Eftir góða útiveru voru grillaðar samlokur og er gaman frá því að segja að hvortveggja er gert til heiðurs fyrrum félögum þeirra. Skemmtileg og falleg minning.

Um kvöldið var sameiginleg grillveisla sem grillmeistarinn Kristinn Hannesson sá um með aðstoð Þorsteins Ólafssonar og mökum þeirra Dagný Finnsdóttur Úu og Sigríði Guðmundsdóttur Úu. Matur var skammtaður til að virða sem mest allar sóttvarnir ásamt 2ja metra fjarlægðarreglunni. Við nutum samveru í góðra vina hópi við varðeld fram á nótt, kvöldsólin sýndi sín fegurstu litbrigði sem spegluðust í vatninu og lituðu allt umhverfið.

Við Úur þökkum fyrir samveruna, en Lkl. Mosfellsbæjar er, „föðurklúbbur okkar“.

Þann 29.08. tóku fjórar Úur þátt í umdæmis og fjölumdæmisráðsfundi í Hlégarði, mjög gagnlegur fundur og margt spennandi í gangi.



Sólarlag við Apavatn

Til hamingju fjölumdæmisstjóri og umdæmisstjórar og gangi ykkur vel á nýju starfsári.

Með lionskveðju og hvatningu til allra lionsfélaga.

Kæru lionsfélagar höldum klúbbunum okkar gangandi, finnum leiðir. Lærum á breyttar aðstæður og látum þær ekki hindra gott lionsstarf, og ekki síst góðan félagsskap.

Dagný Finnsdóttir
Félaga og fjölmiðlanefnd Lkl. Úu

Lionsklúbbur Vestmannaeyja Augnlæknastofa opnar í Vestmannaeyjum Alþjóða hjálparsjóður Lions stendur að baki kaupunum



Fjárflyunarnefnd L.V. ásamt stjórn kvenfélagsins Líknar sem komu með 5 milljónir króna inn í verkefnið



21. maí 2020. Fundur í Landeyjahöfn Guðrún Björt Yngvadóttir og Sigmar Georgsson



Íris Róbertsdóttir bæjarstjóri í Vestmannaeyjum og Sigmar Georgsson með fána LCFI



Hjörtur Kristjánsson framkvæmdastjóri lækninga við HSU með kynningarfund fyrir stjórn og verkefnanefnd L.V.



Ingimar Andrésson vararitari heiðrar Hjört lækni með merki LCIF og afhendir honum fána L.V. fyrir frábæra vinnu að verkefni okkar



Lionsmerki og skjöldur vegna stórgjafar LCIF 1974 til opunar Sjúkrahússins

Stefnt er að því í haust að aðstaða fyrir augnlækna af fullkominni gerð verði starfrækt innan HSU í Vestmannaeyjum og verður augnlæknastofan búin öllum nýjasta og fullkomnasta tækjabúnaði, sem völ er á í dag. Búnaðurinn er: augnsjá með ljósgjafa Haag Streit – OCT tæki sem er augnbotnamyndavél/ sneiðmyndavél til greiningar og rannsóknar á sjónhimnukvillum og gláku, auk hrörnunarsjúkdómum í augnbotnum. – Tölvustýrður sjónmælir/sjónsviðsmælir til nákvæms mats á sjónsviði og öðrum meinsemdum sem hafa áhrif á sjónsvið – Smátæki og fylgihlutir s.s augnskoðunarstóll, augnspeglar, tölvubúnaður og samskiptalausnir við aðgerðastofu í Reykjavík. Það er alþjóða hjálparsjóður Lions hreyfingarinnar (Lions Clubs International Foundation, LCFI) sem stendur að baki kaupunum ásamt fjölda bakhjarla. Áætlaður kostnaður við tækin og fylgihluti verða um 24 milljónir króna en helmingur upphæðarinnar kemur frá alþjóða hjálparsjóðnum og verður búnaðurinn afhentur í nafni LCIF sjóðsins. Við umsókn til hjálparsjóðsins leitaði Lionsklúbbur

Vestmannaeyja til lionsklúbba á fastalandinu til að ná því takmarki að fá fullan styrk til tækjakaupana. Þetta eru klúbbarnir Lionsklúbburinn Geysir, Lionsklúbburinn Skjaldbreiður, Lionsklúbbur Selfoss og Lionsklúbburinn Víðarr. Það var síðan 21. maí s.l. að Guðrún Björt Yngvadóttir hafði samband við okkur og tilkynnti okkur að umsóknin til LCIF hafi verið samþykkt og við fengið fullan styrk eða alls 87.300 US DOLLAR. Guðrún boðaði undirritaðan á fund í Landeyjarhöfn og var henni afhentur fáni Lionsklúbbs Vestmannaeyja og smellt af mynd í tilefni styrksins.

Forsaga málsins er sú forsvarskonur hjá Kvenfélaginu Líkn höfðu lýst yfir áhuga að koma að einhverju veglegu verkefni með heilbrigðisstofnuninni í Vestmannaeyjum. Kom þá upp sú hugmynd að endurnýja augnlækningatæki stofnunarinnar. Hjörtur Kristjánsson framkvæmdastjóri lækninga við HSU í Vestmannaeyjum sýndi strax mikinn áhuga á málefniinu og hefur lagt gífurlega vinnu í verkefnið. Eftir að hafa kannað málið var niðurstaðan sú að tímaskekkja væri að

uppfæra núverandi búnað og skynsamlegast væri að sinna þessari þjónustu í Eyjum með nútíma-tækjabúnaði, því annars yrði stór hluti skjólstaðinga að fara í ítarlegra mat í höfuðborgina. Það væri tvíverknaður og auk þess myndi þá þjónustan ekki sinna hlutverki sínu sem skyldi í heimabyggð með tilliti til aðgengis að þjónustu og að draga úr þörf fyrir ferðir til Reykjavíkur með allri þeirri fyrirhöfn, vinnutapi og kostnaði. Nýrri og fullkominn búnaður býður upp á að rannsóknir séu gerðar í Eyjum og sendar til Reykjavíkur til fjarvinnslu og mats þótt augnlæknir sé ekki til staðar í Eyjum þá stundina. Ljóst var að þessi búnaður kostaði miklu mun meira en það sem áður hafði verið rætt og Líknar konur ekki með bolmagn til að klára það. Þá var leitað til Lions að koma að verkefniinu. Sjúkrahúsið í Vestmannaeyjum hefur notið velvildar Lions í gegnum árin og þá er rétt að minnast stórgjafarinnar frá alþjóða hjálparsjóðnum 1974 eftir eldgosið í Eyjum. Nýja sjúkrahúsið var í byggingu árin fyrir eldgosið og var tilbúið undir tréverk, en ekki gert ráð fyrir að setja

peninga í verkefnið á allra næstu mánuðum vegna annarra brýnna verkefna sem biðu svo hægt væri að taka á móti því fólki sem vildi snúa aftur heim til Eyja. En þá kom lionshreyfingin okkur Vestmannaeyjum til aðstoðar og buðust til að fjármagna hið stóra verkefni að útbúa Sjúkrahúsið öllum þeim tækjum, búnaði og húsbúnaði sem til þurfti svo hægt væri að opna stofnunina sem allra fyrst. Alþjóða hjálparsjóður Lions og lionsklúbbur um allan heim komu að fjármögnun þessa stóra verkefnis sem nam verðgildi 25 einbýlishúsa á þeim tíma. Gjöfin var allur innri búnaður s.s. sjúkrarúm, fæðingarrúm, allur sængurfatnaður, gluggatjöld, húsgögn á allar hæðir, eldhústæki, eldhús- og mataráhöld, innanhúskallkerfi, skurðstofubúnaður, og áhöld og annar tækjabúnaður sem til þurfti. Þessa höfðinglegu gjöf höfum við Lionsmenn í Vestmannaeyjum reynt að minnast reglulega og halda vel á lofti, þannig að bæjarbúar séu ávallt vel upplýstir um þessa miklu aðstoð eftir eldgosid sem breytti allri heilsugæslu í Vestmanneyjum um langa framtíð með glæsilegu og vel útbúnu sjúkrahúsi. Framhald augnlækna málsins má svo þakka að ég sótti svæðisfund Lions á Suðurlandi s.l. haust og þar voru umræður um alþjóða hjálparsjóðinn og ég var beðinn að segja frá aðstoðinni til Vestmannaeyja 1974. Að máli mínu loknu spunnust umræður um verkefni og ég fer að segja frá augnlækna- stofnuninu sem Lionsklúbbur Vestmannaeyja var rétt að fara með af stað. Umræðan um aðstoð LCIF kom upp og rætt um að fá 4 klúbba á suðvesturhorninu sem bakhjarla í verkefnið og vera með í umsókninni um styrkveitingu. Það var ljóst strax í upphafi að við ættum ærið verkefni fyrir höndum að safna 12 milljónum í Vestmannaeyjum og sjóðurinn mundi koma með sömu upphæð næðum við að safna þessari upphæð. Þetta er búið að vera gífurleg vinna sem hefur fylgt þessu verkefni, bæði söfnunin og allt ferlið við umsóknina hjá sjóðnum. Við heimsóttum flest fyrirtæki í Eyjum og báðum um styrk og létum þess getið að hjálparsjóðurinn kæmi með krónu á móti krónu sem gerði málið auðveldara að sannfæra fyrirtækin að koma með í verkefnið. Lionsklúbbarnir komu allir með peninga í verkefnið og stærstu fjárfrahlögin komu frá Kvenfélaginu Líkn, Ísfélagi Vestmannaeyja,



Fánar tengdir verkefninu

Vinnslustöðinni í Vestmannaeyjum, Útgerðafélaginu Huginn og Oddfellow stúkunnari Vilborgu. Síðan hafa bæði stærri og smærri framlög komið frá öðrum fyrirtækjum. Þá hefur Covid 19 og gengisbreytingar aðeins tafið og flækt verkefnið. Við höfum fengið stórkostlega aðstoð frá lionsfólki á fastalandinu, þeim Kristínu Þorfinnsdóttur, Guðrúnu Björt Yngvadóttur, Kristni Hannessyni og fleirum og viljum við færa þessu fólki miklar þakkir fyrir alla þeirra aðstoð og miklu vinnu sem þau hafa sett í verkefnið. Ég er ofboðslega stoltur og ánægður að sjá þetta verkefni í höfn en það hefði ekki verið hægt án allra þeirra bakhjarla sem að verkefninu komu.

Þetta verkefni veitir stórauðna þjónustu við Eyjamenn og á eftir að halda merki Lions á lofti á komandi árum. Það eru enn nokkrir lausir endar sem verið er að klára. Stofnunin er að lenda samningum við Sjúkratryggingar Íslands um fjármögnun við verkefnið innan stofnunarinnar. Þá eru einnig á lokametrunum samningar við stóra augnlækna- stofnu í Reykjavík um að þjónusta þetta með stofnuninni í Eyjum. Verkefnið verður sett af stað í haust okt/nóv þegar búið er að gera aðstöðuna klára. Þetta er gífurlega spennandi verkefni segir Hjörtur Kristjánsson framkvæmdastjóri lækningar og ljóst að Eyjamenn fá stórauðna þjónustu með nýjum tækjum og reglulegum heimsóknum augnlækna. Hluti af þessum búnaði verður augnbotnasneið- myndataka, og fullkomin augnbotnamyndavél og sjónsviðsmælir. Nú geta skjólstæðingar fengið rannsóknir og eftirfylgni milli þess að lækna komi án þess að þurfa að gera sér ferð

í borgina sem er mikill munur frá því sem var. Meirihluti þeirra sem sækja sér þjónustu augnlækna eru eldra fólk og kemur þetta til með að bæta mikið lífskjör þeirra. Hjörtur Kristjánsson var með kynningarfund fyrir okkur í stjórn Lionsklúbbs Vestmannaeyja þar sem hann kynnti fyrir okkur fyrirhugaðar breytingar á stofnuninni og aðstöðu fyrir augnlækna- stofnu. Hann skýrði einnig samninga varðandi verk og gjaldaliði nýrrar augnlækna- stofnu og áætlaðar verkeiningar á ársgrundvelli og um þjálfun starfsfólks. Einnig ræddi hann um umsókn í nýsköpunarverkefni samhliða okkar verkefni sem nýtist til samskiptalausna við aðgerðastofnu augnlækna- stofnu í Reykjavík. Daginn eftir áttum við lionsmenn síðan fund með bæjarstjóranum okkar Írisi Róbertsdóttur og kynntum stöðu augnlækna- verkefnisins og fyrirhugaða opnun. Hún lofaði okkur allri þeirri aðstoð sem bæjarfélagið gæti veitt og mættum við lionsmenn leita til bæjarsjóðs varandi gengisbreytingar eða annað sem gæti komið upp í ferlinu. Við höfum lokið við að safna þeim fjármunum sem við settum sem takmark og munum loka söfnunarreiðingunni á næstu dögum.

Myndir tók Óskar Pétur Friðriksson að undanskyldri mynd í Landeyjarhöfn sem fengin var hjá Guðrúnu Björt Yngvadóttur.

Með lionskveðju
Sigrun Georgsson,
formaður verkefnanevndar

Munið minningarkort Lions

Falleg minningarkort Lions fáanleg hjá öllum Lionsklúbbum og á skrifstofu Lionshreyfingarinnar í síma 561 3122. <https://www.lions.is/is/minningarkort>
EFLUM ÍSLENSKA HJÁLPARSJÓÐ LIONSHREYFINGARINNAR.



Fréttir af Lionsklúbbum Fjörgyn

Lionssalurinn í Grafarvogskirkju kvaddur

Í ár fagna félagar í Lionsklúbbum Fjörgyn 30 ára starfsafmæli klúbbsins. Fjörgyn var stofnaður 14. maí 1990. Fyrsta starfsárið funduðu félagar í Lionsheimilinu í Sóltúni 20. Síðar fluttust fundir í sal í Hverafold 1-3 í eigu Sjálfstæðisflokksins í Grafarvogi.



Fundur í maí 1990 í Lionsheimilinu Sóltúni.

Þegar bygging Grafarvogskirkju stóð yfir komu klúbbfélagar að mörgum verkum. Fyrsti hluti kirkjunnar var tekin í notkun um áramótin 1993/1994. Á árunum 1995-1997 innréttuðu félagar í Fjörgyn Lionssalinn á annari hæð Grafarvogskirkju. Salurinn hefur auk funda klúbbsins verið nýttur fyrir fermingarfræðslu og ýmsa fundi er tengdust starfi í kirkjunni.



Búið að einangra og setja plastfilnu. Verið að klæða vegg með gísploötum.

Grafarvogskirkja hefur því tengst klúbbum í nærri 30 ár. Stærstan hluta þess tíma hafa félagarnir fundað í Lionssalnum í Grafarvogskirkju. Ýmsir umdæmisfundir hafa verið haldnir í salnum enda hafa þrír félagar gegnt starfi umdæmisstjóra í alls fjögur starfsár. Fjölmörg handtök hafa verið unnin af klúbbfélögum í þágu kirkjunnar.

Á haustmánuðum 1997 var Lionssalurinn tekinn formlega í notkun. Nærri 70 manns sátu hátíðarkvöldverð á þeim tíma-mótum. Umdæmisstjórar, ritstjóri LION, félagar úr Fjörgyn, Fold og Mosfellsbæ svo eitthvað sé nefnt.



Hluti gesta við formlega opnun Lionssalarins.



Andrés Freyr sæmdur Melvin Jones viðurkenningu.

Félagar í Fjörgyn hafa greitt fyrir húsaleigu með því að vinna mörg stór og smá verk fyrir Grafarvogskirkju gegnum árin. Lagt parket og flísar, skipt um hundruðir ljósapera, slípað og olíuborið parkett.



Parkettlöggi í kjallara Grafarvogskirkju.

Klúbburinn hefur frá 2003 verið með árlega BUGL tónleika í kirkjunni og verður það áfram.




Raggi Bjarna og Karlaórin Stefniur



Félagar eftir tónleika

Flutningur úr Lionssalnum

Aðalástæða flutningsins er þörf kirkjunnar fyrir aukið skrifstofurými. Þess vegna var leigusamningi Fjörgynjar sagt upp fyrir einu ári síðan. Á móti býðst Fjörgyn aðgangur að herbergi í kjallara til að geta haldið stjórnar- og nefndarfundum jafnframt mun klúbburinn í vetur funda í safnaðarsal í kirkjuskipinu.



Úr Lionssalnum í Grafarvogskirkju



Fána Fjörgynjar pakkað saman og hafist handa við að taka niður fundarborðið. Á myndinni sjást Halldór Runólfsson, Ragnar Gunnarsson og Hjálmur St. Flosason



Hlé tekið á flutningunum. Guðmundur Helgi, Halldór, Ragnar, Helgi og Hjálmur. Sigmar formaður tók myndina.

Borgarskjalasafni heilsað.

Þar sem mikil breyting verður á högum Fjörgynjar var ákveðið að leita til Borgarskjalasafns um að varðveita margvísleg gögn allt frá stofnun klúbbsins 1990 til vormánaðar 2020. Borgarskjalasafn hýsir nú þegar gögn frá Lionsskrifstofunni, Lionsklúbbum Ægi og Lionsklúbbi Reykjavíkur. Undanfarið ár hefur Þór Steinarsson unnið að samantekt á sögu Fjörgynjar og safnað saman ýmsum gögnum.

Á Borgarskjalsafni starfar Andrés Erlingsson félagi í Lionsklúbbum Ægi til 20 ára. Á vormánuðum áttu Þór og Einar Þórðarson fund með Andrési þar sem rætt var um varðveislu á gögnum frá Fjörgyn. Nýlega afhenti svo Þór Andrési gögn úr 30 ára sögu Fjörgynjar.



Andrés Erlingsson félagi í Ægi og Þór Steinarsson félagi í Fjörgyn



Skjalasafni Fjörgynjar afhent Borgarskjalasafni

Melvin Jones félagar heiðraðir

Haldið upp á 35 ára afmæli Lionsklúbbsins Eikar

Í byrjun júní héldum við yndislega samverustund, lokafundur 35. starfsárs Lionsklúbbsins Eikar.

Héldum upp á 35 ára afmæli Eikar með pompi og prakt en afmælið var febrúar.

Halldóra Jóna Ingibergsdóttir formaður bauð okkur að koma heim til sín í Aratúnið. Það heyrðist gleðihvinur um allan Garðabæ en ljóst var að félagarnir höfðu saknað ljúfra samverustunda og þurftu að skiptast á fréttum og sögum frá síðasta fundi. Formaður bauð okkur velkomnar. Haldinn stuttur fundur en hápunkturinn var að þrír félagar fengu Melvin Jones viðurkenningu. Þær; Hjördís Sigurðardóttir (meðmælandi hennar er Sigurveig Sæmundsdóttir) Ásbjörg Poulsen og Ingibjörg Steingrímsdóttir (meðmælandi þeirra er Guðrún Yngvadóttir formaður LCIF sjóðs Lionshreyfingarinnar) þær voru allar heiðraðar og gerðar að MJ félögum. Hátiðleg og falleg stund.

En í ljósi aðstæðna var starfsemi klúbbsins í lágmarki á vormánuðum.

Þessu næst fóru fram stjórnarskipti en á næsta starfsári eru það Hjördís Sigurðardóttir formaður, Steinunn Jóhannsdóttir ritari og Anna Nilsdóttir gjaldkeri. Stjórnin hafði útbúið



flottasta veisluborð og nutum við veislu- fanganna, Það var kátur og glaður hópur sem hélt út í fallegt sumarkvöld, þakklátur fyrir að eiga saman þetta fallega og góða vináttu- samband sem er svo einkennandi fyrir Lions- klúbbinn Eik.



Vímuvannahlaup Eikar í Garðabæ



Í maí fór fram vímuvannahlaup á vegum Lionsklúbbsins Eikar. Þetta er í 30 sinn sem hlaupið fer fram. Við heimsóttum nemendur í 5. bekk Sjalandsksskóla en þau eru 40 þetta árið. Við fengum frábæran fyrirlesara til þess að fræða börnin um forvarnargildi íþróttar og þess að forðast vímuefni og gildi þess að stunda tómstundir og íþróttir. Alex Þór Hauksson sem keppir í knattspyrnu í meistaraflokki Stjórnunnar flutti frábæra fræðslu fyrir krakkana og þau voru alveg einstök að hlusta og

fræðast. Þessu næst var farið út á skólalóð og keppt í boðhlaupi á milli hópa og það var mikið stuð og klappað og liðin hvött áfram. Það var svo rauðaliðið sem var sigursælast og fengu þau farandbikarinn til varðveislu í eitt ár. Allir fengu svo viðurkenningarskjal fyrir þátttökuna. Alveg einstaklega gefandi verkefni sem gaman er að taka þátt í.

Laufey Jóhannsdóttir

Lionsklúbburinn Fold 30 ára 16. maí 2020

Stiklað á stóru í máli og myndum

Lionsklúbburinn Fold var stofnaður þann 16. maí 1990 í Grafarvogi og voru stofnfélagar 27. Á sama tíma eða 14. maí 1990 var Lionsklúbburinn Fjörgyn stofnaður. Þegar lagt var af stað með hugmynd að klúbbstofnun í Grafarvogi stóð til að stofna blandaðan klúbb en þegar upp var staðið var búið að stofna tvo klúbba, kvennaklúbb og karlaklúbb svo mikill var áhuginn á svæðinu. Stofnskrárhátíð klúbbaanna var svo haldin sameiginlega þann 1. desember 1990. Síðan þá hafa þessir tveir klúbbar ávallt starfað mikið saman að ýmsum verkefnum. Dæmi um samstarf Lionsklúbba Foldar og Fjörgynjar er þegar klúbbarnir störfuðu saman að unglingsbúðum 1999, í tilefni af 10 ára afmæli klúbbaanna árið 2000 héldum við sameiginlega afmælishátíð og sama ár söfnuðu félagarnir fyrir augnlækningatæki og gáfu Landspítalanum. Safnað var fyrir tækinu með bílahappdrætti ásamt því að fá Core 4 styrk frá LCIF. Árið 2001 stóðu klúbbarnir svo fyrir 50 ára afmælisþingi Lions í Grafarvogskirkju og íþróttahúsi Fjölnis og héldu svo saman uppskeruhátíð að þinghaldi loknu. Undanfarin ár höfum við starfað saman við blóðsykursmælingar svo eitthvað sé talið.

Þegar Lkl. Fold var stofnaður var stærsti hluti félaga milli fertugs og fimmtugs, áhugasamar og skapandi konur sem voru tilbúnar að láta til sín taka innan Lionshreyfingarinnar. Foldarkonur hafa t.d. átt fimm svæðisstjóra og einu sinni umdæmis- og fjöllumdæmisstjóra. Fold hefur líka átt marga fulltrúa í ýmsum verkefnum bæði í umdæmi og fjöllumdæmi. Í Lionsklúbbum Fold hafa konur ávallt verið tilbúnar að vinna að markmiðum hreyfingarinnar „We Serve“ og lagt mikið á sig til að láta gott af sér leiða og styðja við þá sem minna mega sín í samfélaginu.

Lkl. Fold hefur ávallt styrkt LCIF og hafa því getað sæmt 20 félaga Melvin Jones viðurkenningum. Þrjár félagar hafa fengið Kjaransorðu ein frá klúbbum og tvær frá fjöllumdæminu. Foldarkonur eiga vinaklúbb í Finnlandi og hafa finnskar vinkonur okkar einu sinni komið í heimsókn.

Foldarkonur hafa alltaf kunnað að hafa gaman saman og fylgja hér með nokkrar myndir úr leik og starfi.

Verkefni klúbbsins

Eins og fram hefur komið hafa Foldarkonur tekið þátt í ungmennaskiptum Lions bæði með því að taka þátt í ungmennabúðum hér á landi, senda ungmenni erlendis og taka á móti ungmennum inn á sín heimili.

Fljótlega var tekin ákvörðun um að taka



Foldarreiturinn í byrjun



Foldarreiturinn 20 árum síðar



Bílahappdrætti á 10 ára afmæli Foldar og Fjörgynjar



Veislustjórar, Hrunn Hjaltadóttir og sr. Vigfús P. Árnason á stofnskrárhátíð Foldar og Fjörgynjar 1. des 1990



Foldarkonur á skyndihjálparnámskeiði um borð í slysavarnarskóla sjómanna



Hátíðarfundur á 30 ára afmæli

land að Syðri Grunnvötnum í Heiðmörk í fóstur og þar hafa félagar plantað greni, furu og birki í gegnum árin í samstarfi við Skógræktarfélag Reykjavíkur svo nú er svæðið orðið að fallegum trjálundi þar sem áður var aðeins lágvaxinn villtur gróður.

Í mörg ár unnum við, í samvinnu við Skálatúnsheimilið, fyrir Hjálparstofnun kirkjunnar við að senda út söfnunarbauka og gíröseðla vegna söfnunarinnar „Brauð handa hungruðum heimi“.

Ýmis heimili fyrir aldrafólki, minnissjúka og fatlaða hafa notið góðs af vinnuframlagi eða gjöfum í gegnum árin m.a. Skálatún, BUGL, Álfaland, Foldabær, Hjúkrunarheimilið Eir og Gylfaflöt- dagþjónusta. Dæmi um önnur styrktarverkefni eru: Augndeild Landspítalans, Ljósið, Konukot, Samhjálp, Götusmiðjan, Slysavarnarskóli Sjómanna o.fl. Lionsklúbburinn Fold hefur ávallt tekið þátt í landssöfnun Lions, „Rauð fjöður“ og blóðsykursmælingum undanfarin ár. Fjáraflanir hafa komið úr ýmsum áttum og hafa Foldarkonur

aldrei talið eftir sér að leggja á sig vinnu við að afla fjár sem þær hafa síðan látið af hendi rakna til hinna ýmsu málefna eins og má sjá af framansögðu. Síðustu 4 ár höfum við haft Hugarafi sem okkar aðal styrktarverkefni. Hugarafi er starfrækt fyrir alla þá sem hafa gengið í gegnum andlegar áskoranir og aðstandendur þeirra. Hjá Hugarafi er einstaklingnum veittur stuðningur við að ná bata og stjórn á eigin lífi með einstaklings miðaðri nálgun. Sérstaða Hugarafis er persónuleg nálgun og samstarf fagfólks og notenda geðheilbrigðisþjónustunnar á jafningjagrunni.

Eftir sérkennilegan vetur tókst okkur að halda afmælishátíð á Hótel Örk þann 13.-14. júní s.l. og var það kærkomin samverustund með mikilli gleði.

*Með lionskveðju
f.h. Lionsklúbbsins Foldar
Hrunn Hjaltadóttir*



Gjafir afhentar til Hugarafis



Í 10 ára afmælisferð til Pragh



Í heimsókn í Tækniskólanum



Í Þýskalandi á 25 ára afmælinu



Kolaportíð vinsælt til að afla fjár



Lionskonur í heimsókn í Konukoti 6. febrúar 2014



Pakkað fyrir Hjálparstofnun kirkjunnar



Rauð fjöður undirbúin



Vorferð í Stykkishólmu



Skrúðganga á 50 ára afmæli Lions á Íslandi



Smákökur bakaðar til gjafa



Sumarbústaðaferðferð



Veitingasala á tónleikum



Ýmislegt lagt á sig til að afla fjár



Rimaskóla gefnar bækur



Prif til fjárfummar

Örkum til vitundar um sykursýki

Eflum vitund og forvarnir gegn sykursýki



Um hvað snýst Lions arkar?

Verkefnið snýst um að efla vitund almennings og vinna að forvörnum gegn áunni sykursýki auk þess að efla heilsu þeirra sem ganga með sykursýki. Verkefnið er hreyfiverkefni sem hvetur klúbbfélaga og almenning til reglulegrar hreyfingar. Hreyfingin getur verið með hvaða hætti sem er s.s. ganga, hlaup, hjóla, dansa eða hver önnur holl hreyfing.

Herferðin Lions arkar:

Herferðin Örkum til vitundar um sykursýki er hvatning til lionsfélaga að sameinast í baráttunni gegn sykursýki og skipuleggja hreyfiviðburði í nærsamfélaginu.

Þörfin fyrir Örkum til vitundar um sykursýki:

Tíðni sykursýki er í stöðugum vexti um heim allan. Yfir 360 milljónir ganga með sjúkdómnum. Alþjóðasamtök sykursýkinnar (International Diabetes Federation, IDF) spáir því að árið 2030 muni 550 milljónir ganga með sjúkdómnum. Sjúkdómurinn er í senn banvænn og íþyngjandi og lætur einn einstaklingur lífið á hverjum 8 sekúndum vegna fylgikvilla sykursýkinnar. Sykursýki getur leitt til alvarlegra augnvandamála. Oftast er um að ræða sjúkdóm í sjónhimnu sem getur á endanum leitt til blindu.

Þrátt fyrir öflugt heilbrigðiskerfi hér á landi er þörfin fyrir vitundarvakningu á sjúkdómnum og áhættuþáttum sem geta kallað fram sjúkdómnum ekki síður til staðar í okkar samfélagi. Samkvæmt upplýsingum frá Alþjóðasamtökum sykursjúkra (FDI) frá 2019 eru 17.980 með sjúkdómnum hér á landi og talið að um 6.500 gangi með sjúkdómnum án þess að hann hafi verið greindur. Hér er því sannarlega vitundarvakningar þörf því tölurnar hér á undan benda til þess að tæplega 10% þjóðarinnar gangi með sjúkdómnum eða 1 af hverjum 10.

Markmið Örkum til vitundar um sykursýki

- Auka áhuga lionsklúbba og félaga á vitundarvakningu um sykursýki
- Styrkja lionsfélaga til þess að grípa til aðgerða og taka þátt í baráttunni við sykursýki
- Ýta undir samfélagsþátttöku í hreyfiviðburðum Arkar
- Gera lions -mönnum og -konum það kleift að vinna að verkefninu með vellíðan og trausti
- Upplifa tilfinningu sanns lionsanda og bjartsýni í samfélagslegum stuðningi til þeirra sem verða fyrir áhrifum sykursýkinnar
- Vinna að forvörnum fyrir sjóntapi með vitund um sykursýki og afleiðingar hennar
- Auka sýnileika Lionshreyfingarinnar í samfélaginu.



Það er auðvelt að taka þátt í verkefninu og kostnaður vegna þess er hægt að halda í algeru lágmarki. Sem dæmi gæti klúbburinn í upphafi sjálfur komið saman og tekið göngutúr og síðan mætti bjóða vinum og vandamönnum með. Þannig getur hópurinn stækkað sem tekur þátt. En einnig má víkka þetta út og reyna að ná til tiltekinna hópa eða almennings strax í upphafi. Allar útfærslur mögulegar þegar kemur að því. Ef þig langar til að koma klúbbnum þínum af stað og vilt aðstoð hafðu þá samband við verkefnafulltrúann í þínu umdæmi sem mun glaður hjálpa þér og upplýsa.

Verkefnafulltrúi 109A, Bjarni Ásbjörnsson, Lkl. Dynk, bjarni@kilhraun.is
Verkefnafulltrúi 109B, Sigþór Sigurðsson, Lkl. Akraness hjallakot@gmail.com

Stjórnendaskólinn Verðandi leiðtogar

Emerging Lions Leadership Institute, ELLI
Áin, Skipagötu 14, Akureyri, 30. október - 01. nóvember

Fyrir hverja?

Kjörinn undirbúningur fyrir þá sem eru að takast á við nefndar- og stjórnarstörf Lionsklúbba eða annarra Lionsfélaga sem vilja þroska sig sem leiðtoga og auka hæfni sína sem Lionsfélaga.

Markmið:

Að búa félaga undir hverskonar stjórnar- og nefndarstörf í klúbbsi. Auka víðsýni, byggja upp og styrkja félagana í starfi innan klúbba og um leið klúbbastarfið.

Efnistöð:

Fortíð, nútíð og framtíð Lions, Breytingarstjórnun, Málefni LCIF, Stuðningur við teymi, Samskipti, Árangursríkir fundir, Fjölbreytileikinn, Lions mentoring, Skapandi hugsun og Árangursríkur klúbbur. Allt námsefni er á íslensku.

ELLI er fyrsta stig af þremur í leiðtogafræðslu Lions club international



Nánari upplýsingar gefur skrifstofa Lionsumdæmisins í síma 561 3122,
lions@lions.is eða GLT-teymið gt.teymi@gmail.com

Sight for Kids

Vertu með – það kostar ekkert og þú styður sjónvernd ungra barna



Á ársþingi alþjóðahreyfingarinnar Lions árið 1925 þegar Hellen Keller hvatti Lionshreyfinguna til að vera riddara hinu blindu sagði hún jafnframt „I hope you will adopt me. I am the youngest here“

Keller var þar að vísa til þess, þótt hún væri þá 45 ára, til þeirra baráttu sem hún gekk í gegnum sem ung blind stúlka. Þessi ræða markaði mikil vatnaskil í starfi Lionshreyfingarinnar eins og flestum er kunnugt um. Síðan þá hefur sjónvernd verið einn af hornsteinum í starfi hreyfingarinnar.

Á heimsvísu eru áætlað að 19 milljónir barna séu með sjónskerðingu. Lionshreyfingin hefur verið í samstarfi við Johnson & Johnson Vision care frá árinu 2002 í gegnum Alþjóðahjálparsjóðinn (LCIF). Markmiðið með verkefninu er að veita almenna augnheilsufræðslu í skólum og standa fyrir sjónprófunum á ungunum börnum. Síðan verkefnið fór af stað hafa um 25 milljónum barna verið veitt

þjónusta. Þá hefur Sight for Kids einnig veitt um 500.000 börnum ókeypis gleraugu. Í krafti verkefnisins er áætlað að í lok ársins 2021 verði búið að tvöfalda fjölda þeirra barna sem njóta góðs af verkefninu. Það verður gert að með samstarfi Lionsklúbba, LCIF og annarra samstarfsaðila.

Einn þessara samstarfsaðila er Charity Miles. Charity Miles heldur úti síma forriti/appi sem þú virkjar og það heldur utan um ýmiskonar hreyfingu sem notandinn stundar. Hreyfingin getur verið ganga, hlaup, dans eða hvað sem er. Notandinn getur svo valið um hvaða málefni njóta ávöxtunar af hreyfingunni. Engin kostnaður er fyrir notandann en hann þarf bara að vera skráður. Sight for Kids er eitt þessara málefna og í hvert skipri sem notandi stundar einhverskonar hreyfingu renna nokkur Amerísk cent til málstaðarins. En hvaðan koma þessir peningar? Lítil og stór fyrirtæki leggja þessa peninga til góðgerðarmála í gegnum

Charity Miles en almenningur þ.e. notandinn ræður í hvaða málefni féð rennur.

Af hverju ekki að skrá sig og styrkja verðugt Lionsmálefni um leið og við hreyfum okkur til góðs. Auðvitað fara ekki stórar upphæðir til málstaðarins í hvert skipti. En samtakamátturinn og margföldunaráhrifin eru fljót að telja.

Ef þú vilt taka þátt þá getur þú náð í appið á AppStore and GooglePlay og eins ef þú vilt kynna þér málið frekar getur þú heimsótt heimasíðu Charity Miles www.charitymiles.org.

Margt smátt gerir eitt stórt. Kostar okkur ekkert en við styðjum við sjónvernd barna þar sem hennar er sannarlega þörf.

How To Download Charity Miles

Scan This With The Camera On Your Mobile Phone



Heiðurssjóður Guðrúnar Bjartar Yngvadóttur (Íslenski Hjálparsjóðurinn)

Hörður Sigurjónsson
formaður heiðurssjóðs GBY



Við lionsfélagar þurfum að sameinast um að efla sjóðinn svo við getum stutt við hin ýmsu verkefni og veitt styrki úr honum ef vá ber að höndum.

Til þess þurfum við að efla sjóðinn með framlögum frá klúbbum og einstaklingum, við höfum verið að selja Minningarkort í gegnum tíðina sem hefur verið svo til okkar eina fjáröflun, við ræddum það á fjöllumdæmisfundinum í Hlégarði að sjóðurinn þyrfti að eflast og höfum við fullan hug á því að efla hann enn frekar og viljum þess vegna leita til ykkar.

Ein af hugmyndunum að frekari fjáröflun er að halda árlegt golfmót lionsfélaga og er fyrsta mótið fyrirhugað næsta sumar.

Með tilkomu Kjaransmerkjana í gulli, silfri og bronsi er komin ný tekjuöflun fyrir sjóðinn



og viljum við hvetja allar klúbbstjórnir til að kaupa merkin sem eru tilvalin gjöf til að gleðja klúbbfélaga þegar þeir eiga stórafmæli og láta gott af sér leiða í leiðinni og eins fyrir vel unnin störf fyrir klúbbinn.

Ég vil árétta að það má greiða fyrir merkin úr styrktar- eða verkefnasjóði klúbbanna.

Með lionskveðju
Hörður Sigurjónsson
formaður heiðurssjóðs GBY
(Íslenska Hjálparsjóðsins)



Umdæmsistjórar 109A og 109B



Lionshreyfingin er í fremstu víglínu með vinnu sinni á þjónustuverkefnum í sínum samfélögum um allan heim. Á því erum við hér heima á Íslandi engin undantekning. Víða um heim eru lionsklúbbar duglegir að segja frá starfi sínu en jafn víða eru þeir það ekki. Hvert verkefni sem lionshreyfingin vinnur á sér sögu, sögu sem eflaust margir eru áhugasamir um að heyra eða lesa um. Þessar sögur kunna því að styðja við starf okkur og vekja á okkur verðskuldaða athygli. Það er því tímabært að sögur um þjónustuverkefni okkar hér á



Íslandi séu sagðar og þeim deilt með fólki í okkar samfélagi og utan við það. Ein leið til þess að deila þessum ótrúlegu þjónustusögum er að birta þá á samfélagsmiðla eða birta með öðrum hætti s.s. í staðarblöðum. Lions á Íslandi heldur úti bæði vefsíðu, Facebókar síðu og gefur út LION blaðið með reglulegu millibili yfir starfsárið. Það er því sannarlega vettvangur fyrir sögur úr starfinu okkar.

Við leitum því að sögum, sögum úr starfi klúbba þegar þeir leggja samfélaginu sínu lið. Sögum sem hafa að geyma frásagnir af tilurð, tilgangi og framkvæmd af verkefni sem hafa verið unnin í þágu samfélagsins. Sögurnar mega gjarnan einnig segja frá áhrifum verkefnanna á samfélagið.

Sögurnar mega líka vera um ykkur sjálf, hvernig það kom til að þið gengduð til liðs við hreyfinguna eða eitthvað annað sem þið teljið að við hin gætum haft gaman af. Stundum erum við feimin að segja sögur, en segjum þá sögur af öðrum. En munum að myndir segja meira en þúsund orð og glæðir sögunum líf. Reynum að hafa myndir sem eru teknar við vinnuna sjálfa við verkefni og eða afhendingu styrkja eftir því sem við á. Myndbandasögur eru líka velkomnar eða annað gott myndefni.

Við tökum við þessum sögum og reynum að koma þeim í birtingu á okkar miðlum hér heima og jafnvel erlendis.

Guðjón Andri Gylfason & Jónas Yngvi Ásgrímsson, umbarnir í 109B og A

Minning + Sigurður H Guðjónsson, 1939 – 2020



Hann Saggi í Báru er dáinn. Þessi sorgarfrétt barst okkur í Lionsklúbbi Sandgerðis í vor. Hann hafði dvalist á Spáni um skeið ásamt Sæunni konu sinni, en þau hjónin höfðu verið að leita leiða til að komast heim. Því miður gekk það ekki vegna Covid-veirunnar.

Sigurður Hilmar Guðjónsson var fæddur 2. ágúst 1939. Hann lést á Spáni þann 26. maí síðastliðinn. Hann ólst upp í Bárugerði á Miðnesi, kjörsonur hjónanna þar, Guðjóns Hanssonar og Ingveldar Einarsdóttur.

Alla ævi sína var Sigurður kenndur við bæinn, Saggi í Báru.

Sigurður lærði húsmátt og var meistari í þeirri grein. Hann starfaði við iðn sína í áratugi og fór það orð af honum að hann væri einn sá besti ef ekki sá besti í iðninni. Allt lék í höndum hans sem viðkom smíðum, stórt og smátt. Á síðustu árum sínum smíðaði hann nákvæm líkön af fjölmörgum eldri húsum í Sandgerði, sem sum hver standa enn en mörg eru horfin.

Sigurður var mikill félagsmálamaður. Svo að nokkuð sé nefnt starfaði hann í Björgunarsveitinni Sigurðon í Sandgerði, Lúðrasveit Sandgerðis og Lionsklúbbi Sandgerðis.

Saggi í Báru gekk í Lionsklúbb Sandgerðis ásamt nú öðrum þann 12. mars 1968. Í Lionsklúbbum gegndi hann embættum sem bjóðast í slíkum félagsskap. Mjög oft var hann í stjórn, fyrst sem ritari og gegndi þeirri stöðu þrívægis á ferlinum. Síðan varð hann formaður (tvisvar), síðameistari í það minnsta þrisvar, stallari og samskipta-fulltrúi. Auk þess átti hann sæti í hinum ýmsu nefndum klúbbsins, sem of langt mál yrði upp að telja. Af þessu má ráða að Sigga var alltaf treyst til góðra verka og reyndist hann ævinlega traustsins verður.

Saggi var alltaf kátur og hress og kunni frá mörgu að segja. Hann var listhneigður og spilaði til dæmis frábærlega á harmóníku. Alltaf þegar eitthvað sérstakt var á dagskránni hjá klúbbum, eins og til dæmis konukvöld, mætti hann með harmóníkuna og spilaði víðeigandi léttu músík í hálf tíma eða svo áður en fundur var settur. Hann var driffjöður í Lionskórnum, sem æfði fyrir hin árlegu skemmtikvöld eldri borgara í Sandgerði. Vandséð er að nokkur finnist til að fylla í þessi skörð sem hann skilur eftir sig.

Lionsklúbbur Sandgerðis saknar vinar í stað. Við sendum Sæunni og fjölskyldunni allri innilegar samúðarkveðjur.

*Fyrir hönd Lionsklúbbs Sandgerðis
Magnús Ó. Ingvarsson*

Minning + Ágústína Hlíf Traustadóttir



dugnaður og áhugi Hlífar dvínaði ekki þó að aldur færðist yfir. Hún

Ágústína Hlíf Traustadóttir kvódd

Skömmu fyrir upphaf nýs starfsárs Lionsklúbbsins Múla á Fljótsdalshéraði barst okkur fregnin af andláti eins af traustustu félögum klúbbsins og verðandi ritara okkar.

Þau hjón, Kristófer Guðmundsson og Ágústína Hlíf, gengu til liðs við klúbbinn eftir að þau fluttu í Egilsstaði úr Vogum á Vatnsleysuströnd fyrir síðustu aldamót. Kristófer lést árið 2013. Þau hjón voru drjúgur liðsauki fyrir klúbbstarfið og

gegndi helstu embættum klúbbsins og sumum margsinnis og sótti lionsþing fyrir hans hönd. Þar á meðal var alþjóðáþing Lionshreyfingarinnar sem haldið var í Nevada í Bandaríkjunum sumarið 2018 þar sem hún gat fagnað kjöri Guðrúnar Bjartar Yngvadóttur sem alþjóðaforseta Lionshreyfingarinnar en Hlíf hafði áhuga fyrir framgangi kvenna innan Lions. Hún gat þá einnig í leiðinni heimsótt einkadóttur þeirra hjóna, Ester, sem býr þar í landi með manni sínum og 4 börnum.

Hér eystra vann Hlíf sem sjúkranuddari og starfaði einnig árum saman á hjúkrunarheimili á Egilsstöðum. Félagar í Múla kveðja Ágústínu Hlíf með söknuði en jafnframt þakklæti fyrir ósérhlífni hennar í störfum fyrir klúbbinn og hve hún var ætíð reiðubúin að leggja lið eftir fremsta megni.

Jóhann G Gunnarsson



Minning + Júlíus Petersen Guðjónsson



Lions klúbburinn Njörður kveður góðan féлага

Okkar góði félagi Júlíus Petersen Guðjónsson, f.v. stórkaupmaður fæddist þann 06. janúar 1934. Hann átti 3 systkin. Faðir hans var frá Vestmannaeyjum og vann sem rakari í Keflavík og kynntist eiginkonu sinni þar. Árið 1949 fór Júlíus ásamt 4 vinum sínum, allir frá Keflavík til náms í Skógarskóla sem hafði verið vígður sama ár og voru þeir í hópi fyrstu nemenda þar. Tveir þessara

féлага eru enn á lífi og hressir. Annar þeirra er góður félagi okkar í Nirði, Emil Birnir Sigurbjörnsson sem fór til Luxemborgar 1972 að vinna á vegum Loftleída. Emil kom svo heim um aldamótin 2000 og gekk svo fyrir hvatningu Júlíusar og Sigurðar Sumarliðasonar vinar síns og Njarðarfélaga í Njörð 2001.

Júlíus flutti til Bandaríkjanna með foreldrum 1952 og gerðust þau innflytjendur og í framhaldi af því var hann kallaður í herinn þar sem herskilda ríkti. Þar sem hann var Íslendingur bauðst honum síðar að velja sér starf í Evrópu og valdi að ljúka herskyldunni á Íslandi. Vann hann í öryggisdeild sem túlkur og leiðsögumaður.

Júlíus kynntist eiginkonu sinn í Bandaríkjanna er hún var að heimsækja ættingja og hún var tilefni þess að hann sótti um að fá að klára herþjónustuna hér á landi. Hún hét Elísabet Gunnarsdóttir og eignuðust þau 3 börn og gekk Gunnar einkasonur hans í Njörð stuttu á undan Emil. Dæturnar tvær og Gunnar eru öll á lífi. Elísabet dó árið 2000.

Júlíus var einn af stofnendum Lions klúbbsins Njarðar í apríl 1960 og náði því að vera meðlimur Njarðar í 60 ár. Hann var mikill „séntilmaður“, ávallt í vel pressuðum buxum og skyrtu með bindi og oftast klút í stíl í brjóstvæsa. Hann var ræðinn, málefnalegur og

jákvæður félagi. Með eindæmum minnugur og gjöfull. Hann tók vel undir í hjálparstarfi Njarðar og var stjórnandi með heraga í hópi þeirra frumkvöðla Njarðar sem fóru til Blindravinafélagsins og lásu úr skáldverkum og spennusögum, inn á spólur sem síðan voru lánaðar út til félagsmanna Blindra. Honum var annt um minnihlutahópa og tók jafnan málstað lítilmagnans ef að var sótt. Hann var hmyttinn í tilsvörum, ráðagöður og hafði uppi gamanmál. Hann kom víða við í þjóðfélaginu og lagði vel til allra, svo mjög að hann gekk oft nærri sjálfum sér til að gera öðrum gott. Slíkt var hjartalag hans. Hann hafði ákveðnar skoðanir í pólitík og trúir sínum málstað. Skenntilegar voru sögur hans frá herþjónustu árunum í Bandaríkjunum enda sögumaður góður.


Júlíus var formaður Njarðar 1970 til 1971. Fyrir dugnað sinn, og stuðning við Lions hreyfinguna í störfum sínum var hann gerður að Melvin Jones félagi í maí árið 1990.

Júlíus P eða Júlí P eins og hann var ævinlega kallaður innan klúbbsins var ötull lionsmaður með góða mætingu. Hann flutti til Danmerkur með dóttur sinni eftir að kona hans dó um 2000, bjó þar um tíma en var strax kominn á fund ef hann átti leið hingað. Lífið var ekki ávallt létt hjá Júlíusi og erfiðast að verða ekkjumaður. Júlíus tók svo upp sambúð 2010 með Ásu Guðmundsdóttur, gamalli skólasystur frá Skógum og jafnöldru sem þá var ekkja og bjuggu fyrst á Akranesi en síðan á Hvolsvelli. Var hann samt ötull að sækja fundi. Ása andaðist svo 04. mars 2016.

Júlíus kvaddi þennan heim þann 11. mars 2020, eftir stutt veikindi. Við Njarðarfélagar minnumst Júlíusar með söknuði og virðingu og sendum börnum og öðrum ættingjum okkar innilegustu samúðar kveðjur.

Fyrir hönd Lions klúbbsins Njarðar, Arnar Hauksson, Emil Birnir Sigurbjörnsson, Hörður Sigurjónsson, Daniel Þórarinnsson.

Lionsklúbburinn Ægir



Og enn leggjum við lið – Sundlaugin á Sólheimum í Grímsnesi

Í gegnum áratuginu hefur Lionsklúbburinn Ægir stutt við starf Sólheima í Grímsnesi.

Það var á 50 ára afmælishátíð Sólheima sem haldin var 2. júlí 1980 sem þáverandi formaður klúbbsins Þórhallur Arason afhendi formlega nýuppgerða og endurbætta sundlaug sem gjöf frá Ægismönnum. Geta má þess að Þórhallur er í dag elsti starfandi félaginn í klúbbum 97 ára gamall.

Sundlaug hafði verið gefin árið 1943 af byggingarfélaginu Goða (Oddi Jónssyni í Glæsi o.fl.) en sú sundlaug var komin í algjöra niðurníðslu vegna fjárskorts til viðhalds og því öll aðstaða heimilismanna til að iðka sund vægast sagt ömurleg. Því tókum við okkur til í Ægi vorið 1979 og hófumst handa við að lagfæra og endurbyggja sundlaugarmannvirkin. Jafnframt var ákveðið að auka við þau og gera þau meira aðlaðandi, en þau höfðu verið. Þetta var stórt og mikið verkefni. Bæði að fjármagna

og eins voru ótaldir vinnustundir félaga sem fóru í verkið. Þökk sé öllum sem að komu.

Og svo liðu árin og sundlaugin lét á sjá og það kom að þeim tímapunkti að það varð að loka henni tímabundið þar til viðhaldsframkvæmdir hófust að nýju.

Og enn leggjum við lið og nú á 90 ára afmæli Sólheima tókum við stóran þátt í að endurgera sundlaugin. Við Ægismenn erum búnir að gefa Sólheimum nýjan heitan pott sem búið er að koma fyrir við sundlaugin og eins þarf að byggja nýja búningssklefa og gefum við allt byggingarefni í þá. Heildar útlagður kostnaður er kominn yfir 4 milljónir króna.

Næst þegar við höldum Litlu jólin hátíðleg á Sólheimum þá fáum við kannski líka að leggja höfuðið í bleyti. Hver veit.

F.h. Lionsklúbbsins Ægis, Sveinbjörn Fjölfnir Pétursson

Minning † Hákon Magnússon



Góður félagi okkar í Lionsklúbbi Hafnarfjarðar er látinn. Þegar Hákon Magnússon gekk til liðs við okkur í klúbbum vakti hann strax eftirtekt okkar félaganna vegna háttvösi sinnar og glæðlyndis. Hákon vann af alúð öll verkefni sem honum voru falin og gekk til verka eins og sá sem aldrei lætur ganga á eftir sér. Frá upphafi mátti merkja að hann var vanur að taka ákvarðanir og þurfti aldrei að velta fyrir sér því sem lá ljóst fyrir. Sem skipstjóri og útgerðarmaður þroskaði hann með

sínum í höfninni í Þorlákshöfn þegar skipverjar hans komu um borð að nóttu til og einn þeirra féll milli báta og lenti í sjónum. Þá var strax kallað í Hákon sem stakk sér umsvifalaust í sjóinn og bjargaði manningum.

Þessi fumlasi maður var hár vexti, hærri en flestir aðrir og vakti strax athygli okkar hinna fyrir myndugleik.

Ég hef átt þess kost að vinna með honum, þá gekk allt eins og smurð vél, án hávaða en með góðum árangri.

Við félagarnir komum til með að sakna Hákonar, hann var traustur maður og góður félagi. Rósa kona hans var honum ávallt við hlið á fundum og í ferðalögum þegar við buðum eiginkonum okkar með og þá var augljós vináttan milli þeirra hjóna.

Við félagarnir vottum Rósu og allri fjölskyldunni okkar dýpstu samúð er við kveðjum góðan dreng.

sér þá eiginleika að bregðast skjótt við þegar þörf var á, en jafnframt að yfirvegaðar ákvarðanir.

Sem dæmi um það er þegar hann svaf í koju um borð í bát

*Fyrir hönd Lionsklúbbs Hafnarfjarðar
Halldór Svavarsson*



European Lions Virtual Symposium The Future of Lionism in Europe Different and United in Service



Málþing á NETINU fyrir Lions í EVRÓPU – 3. október 2020 Framtíð Lions í Evrópu: „Við erum ólík, en saman leggjum við lið“

Taktu daginn frá: 3. október 2020

Þar sem Evrópu Forum féll niður vegna COVID-19, verður í fyrsta sinn í sögunni boðið upp á sérstakt **Málþing á NETINU fyrir Lions í Evrópu 2020** „European Lions Virtual Symposium 2020“ (ELVS).

Þessi fjarfundur verður haldinn laugardaginn 3. október 2020, kl. 10:00-18:30 að Mið-Evrópu tíma (CET), eða **kl. 8:00-16:30 að íslenskum tíma (GMT)**.

Ath. Það verða mörg hlé, til að standa upp frá skjánum, teygja úr sér og fá sér hressingu.

Þessi einstaki viðburður stendur til boða fyrir alla Lionsfélaga í Evrópu og eru engin skráningargjöld.

Áhugaverð erindi verða á fjórum tungumálum, ensku, þýsku, ítölsku og frönsku.

Þú getur sótt námskeið og fundi með leiðtogum Evrópu, auk þess sem þú átt þess kost að ræða við fjölda ræðumanna, þar á meðal fyrrverandi alþjóðaforseta og formann LCIF, Guðrúnu B. Yngvadóttur.

Veldu efni – Veldu fyrirlesara

Þú getur komið og farið, valið efni sem þér hentar best, lært margt nýtt, rætt hugmyndir og fengið upplýsingar á mörgum stuttum fundum og vinnustofum. Fjallað verður um mikilvæg málefni fyrir klúbbfélaga, leiðtoga á öllum stigum, áhugavert efni fyrir alla Lionsfélaga, nýja sem reynda.

Það verður meðal annars sérstakur gestafyrirlestur um umhverfismál.

Komdu með eigin hugmyndir

Undirbúðu spurningar þar sem þetta er gagnvirkur viðburður.

Hvað myndir þú vilja ræða, spyrja um, eða koma á framfæri?

Umhverfisverkefni

Málþingið er í anda Evrópu Forum og er ætlað að vera vettvangur til að upplýsa og fræða, virkja og hvetja og hafa gaman. Vegna þess að Lions sinnir náttúruvernd, viljum við hvetja evrópska Lionsklúbba til að vinna umhverfisverkefni, hver í sínu samfélagi, **helgina 19. til 20. september 2020**.

Plöntum tré, söfnum birkifræi, hreinsum plast af ströndinni, eða einum þeim verkefnum sem best hentar.

Til að vekja athygli á umhverfinu, og verkefnum Lions, hvetjum við klúbba til að birta myndir eða myndbönd af verkefnum á sínum síðum. Við sendum fljótlega upplýsingar um hvernig við getum birt á síðum „ELVS“.

Er ekki alveg upplagt að taka þátt í verkefninu „**Söfnum og saum birkifræi**“ með Skógræktinni, Landgræðslunni **og Lions**, sem verður kynnt á **Degi íslenskrar náttúru 16. september?**

Nánari upplýsingar verða birtar á vefsíðunni <https://www.lions-europe-symposium.eu/> og á Facebook síðunni <https://www.facebook.com/EuropeanLionsVirtualSymposium>

Allir hjartanlega velkomnir. Hlökkum til að hitta þig á netinu

Undirbúningsnefnd, CA-4 Evrópa

Mjór er mikils vísir - Lionsklúbburinn Eir í skógrækt

Lkl. Eir hefur um langt árabil ræktað lund í Heiðmörkinni. Í raun er Lsá lundur uppgróinn og ekki mikið hægt að planta út af trjám lengur þar.

Á fundi klúbbsins síðasta vetur var ákvörðun tekin að leita til bæjaryfirvalda í Kópavogi og reyna að fá nýju svæði úthlutað til skógræktar. Erindi okkar var mjög vel tekið og fengum við úthlutað svæði í útjaðri Heiðmerkurinnar, í hlíðum Selfjalls.

Skógræktarfélag Kópavogs fékk okkur nokkra bakka af rússalerki og stafafuru og mættu Eirarkonur galvaskar í Eirarlundinn okkar miðvikudaginn 26. ágúst sl. Með í för var framkvæmdastjóri Skógræktarinnar Kristinn Þorsteinsson og tók hann sjálfboðaliða með.

En Kristinn mætti ekki bara með einn sjálfboðaliða, hann kom með veglegt linditré og gaf klúbbum!

Að þessu sinni plöntuðum við 270 trjáplöntum. Næst á dagskrá er að útvega áningabekk til að setja niður í lundinn góða svo við getum notið útivistarinnar með nesti og nýja skó! Og svo höldum við áfram að rækta skóg.

Jóhanna Thorsteinson
Formaður Lkl. Eirar



Dagbjört Óskarsdóttir gröðursetur linditréð



Hópurinn sem tók þátt í verkefninu



Kristinn Þorsteinsson með linditréð góða